SKOÐUN Spjótin standa á innanríkisráðherra í máli Tonys Omos, segir Guðmundur Andri Thorsson. **13**

MENNING Aðalleikkonan í The Killing klæðist peysu sem er hönnun Ragnheiðar Eiríksdóttur. **26**

SPORT Björgvin Páll Gústavsson hefur farið mikinn í íslenska markinu í síðustu leikjum Íslands á EM. **22**

RISAÚTSALA
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR
MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
Heimilistæki
www.ht.is
Sjá úrvalið á ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Mánudagur
20. janúar 2014
15. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

Fá ekki að búa sér til tekjur

Krafa um niðurskurð gerir Lyfjastofnun ókleift að nýta greiðslur frá lyfjafyrirtækjum til nýsköpunarverkefna. Embættismenn inni í sínum kassa, segir forstjóri Actavis. Ríkisendurskoðun segir að taka þurfi á þessari stöðu.

Fjárveitingavaldið hefur hindrað Lyfjastofnun í að taka að sér verkefni sem hún fær greitt fyrir að fullu frá innlendum lyfjafyrirtækjum. Þar með takmarkast umsvif stofnunarinnar og komið er í veg fyrir nýsköpun í lyfjaiðnaðinum hér á landi.
Þetta kemur fram í aðsendri grein Rannveigar Gunnarsdóttur, forstjóra Lyfjastofnunar, í Fréttablaðinu í dag.

„Þetta er barátta sem við höfum staðið í frá hruni þegar gerð var krafa um lækkun rekstrarkostnaðar hjá Lyfjastofnun eins og öðrum ríkisstofnunum, hvort sem þær voru fjármagnaðar af sjálfsaflafé eða með framlagi úr ríkissjóði. Ef við eyðum tekjum sem við fáum umfram heimildir fjárlaga er það skilgreint sem hallarekstur," segir Rannveig.

Hún kveðst hafa rætt við ráðherra og embættismenn án árangurs. „Það er alltaf talað um ramma sem ráðuneytin hafa. Þetta virðist vera einhver fasti. Það er ekki hægt að stækka rammann þótt tekjur aukist."

Rannveig greinir frá því að árið 2006 hafi Lyfjastofnun ráðist í það nýsköpunarverkefni að meta umsóknir um markaðsleyfi fyrir samheitalyf að fullu, í stað þess að byggja matið á vinnu sérfræðinga annarrar lyfjastofnunar á Evrópska efnahagssvæðinu, EES. Til þess að þetta væri framkvæmanlegt þurfti að fjölga sérfræðingum og þróa verkefnið. Lyfjafyrirtækin óska eftir þjónustunni og greiða fyrir hana. Rannveig bendir á að með því að meta umsóknirnar hér skapist gjaldeyristekjur og atvinnutækifæri. Fjárheimildir fjárlaga hafi hins vegar heft þróun nýsköpunarverkefnisins þar sem heimild til fjárlaga var lægri en rekstraráætlanir stofnunarinnar.

Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, forstjóri Actavis á Íslandi, segir málið fáránlegt. „Þótt Lyfjastofnun vilji sinna sínu hlutverki eins vel og hún getur er henni í raun gert ókleift að gera það."

Hún kveðst hafa farið á fund fjármálaráðherra í sumar. „Hann kvaðst ekki þekkja bakgrunninn en hafði tvo embættismenn með sér sem vitnuðu í eitthvað sem hafði gerst fyrir nokkrum árum og búið var að laga. Mér sýndist fjárlagaskrifstofumennirnir vera inni í sínum kassa og ekki geta horft út fyrir hann."

ibs@frettabladid.is

➜ Taka þarf á þessari óvenjulegu stöðu

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2012 segir að neikvæð fjárhagsstaða Lyfjastofnunar skýrist að stórum hluta af því hvernig hún er fjármögnuð og hvernig tekjur hennar og gjöld eru færð í bókhaldi ríkisins.

Bent er á að stofnuninni sé óheimilt að mæta hallanum með mörkuðum tekjum sínum sem eru umfram áætlun fjárlaga nema Alþingi kveði sérstaklega á um það í fjár- eða fjáraukalögum.

Að mati Ríkisendurskoðunar er mikilvægt að taka á þessari óvenjulegu rekstrarstöðu Lyfjastofnunar til frambúðar og þeim vanda sem henni fylgir.

FRÉTTIR

Vísað frá dómi

Bæjarstjórinn í Kópavogi fagnar ákvörðun Héraðsdóms Reykjaness um að vísa frá máli Þorsteins Hjaltested sem krafðist 6,9 milljarða króna vegna viðskipta með lóðir á Vatnsenda. Þorsteinn á ekki landið, segir héraðsdómur. **4**

Bjartsýni á Blönduósi Vonir heimamanna um að gagnaver rísi á Blönduósi glæðast með samþykkt Alþingis um eflingu atvinnulífs í Húnaþingi. **6**

Hættumat fyrir ferðamenn Þingmenn allra flokka vilja að ríkislögreglustjóri vinni hættumat fyrir ferðamenn. **8**

12

Bolungarvík	2°		NA	3
Akureyri	3°		A	2
Egilsstaðir	5°		SA	5
Kirkjubæjarkl.	5°		A	7
Reykjavík	3°		SA	2

Milt í veðri Í dag verður yfirleitt fremur hægur vindur, úrkomulítið N- og V-til en rigning SA- og A-lands og slydda til fjalla. Hlýjast syðst. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Gluggar og gler| Fólk

LOFTFIMLEIKAR Líflegt er í Æskusirkusnum, sirkusskóla fyrir börn sem Sirkus Íslands er með í fimleikasal Ármanns á sunnudögum. Þar efla krakkarnir sjálfstraust og sköpunargleði með því að læra gripl, línudans, loftfimleika og sviðsframkomu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Hafa búið til vélfrumur:

Synda um eins og sæðisfrumur

TAIR SAIF

VÍSINDI Vísindamenn við Illinoisháskóla í Bandaríkjunum, undir forystu prófessorsins Sair Taif, hafa búið til „vélfrumur", sem geta synt um í vessum líkamans eins og sæðisfrumur.

Fyrirbærið er með haus og vírþráð, en við halann tengjast frumur af því tagi sem venjulega eru í hjartavöðva. Þær slá í reglulegum takti og hreyfa með því halann þannig að vélfruman syndir.

Hugmyndin er sú að nota þessar vélfrumur til að koma meðal annars lyfjum inn í líkamann, gera örsmáar aðgerðir í lækningaskyni eða ráðast gegn krabbameinsfrumum.

Frá þessu er skýrt í tímaritinu Nature Communications. - gb

Hlýða slökkviliðsstjóra og losa gas- og súrefniskúta úr ráðhúsinu á Dalvík:

Gullsmíði sögð ógna ráðhúsinu

FÉLAGSMÁL „Ef þetta er ekki í lagi, þá flyt ég mig bara annað," segir Valdemar Viðarsson, gullsmiður á Dalvík, sem slökkviliðsstjóri telur nota of hættuleg efni til að vera með verkstæði í ráðhúsi bæjarins. Byggðarráð Dalvíkur samþykkti í síðustu viku að tillögu slökkviliðsstjórans að skylda Valdemar til að fjarlægja hættuleg tæki og efni úr byggingunni. Um er að ræða súrefnis- og gaskúta á verkstæði Valdemars auk þess sem gullsmiðurinn notar eld við iðju sína.

„Þetta kom í ljós þegar slökkviliðsstjóri tók út húsið nú nýverið," segir Kristján Eldjárn Hjartarson, formaður byggðarráðs.

Valdemar segir umræddan búnað nauðsynlegan starfsemi sinni. Hann hafi þó ekki miklar áhyggjur af málinu.

„Það þýðir ekkert að vera í fýlu," segir Valdimar gullsmiður. - bá

„Þetta er starfsemi sem húsið hentar ekki.

Kristján Eldjárn Hjartarson, formaður byggðarráðs Dalvíkurbyggðar.

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

SPARAÐU NÚNA!
ÚTSALA
Í FULLUM GANGI
Gríðarlegt úrval af heimilis- og raftækjum með allt að 60% afslætti.
Rafha ehf.
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500 www.rafha.is

TÆKIFÆRIÐ ER NÚNA
VERÐBÓLGAN ER DÝRKEYPT
STÖNDUM SAMAN.
HÖLDUM AFTUR AF VERÐHÆKKUNUM,
AUKUM KAUPMÁTT
OG TRYGGJUM STÖÐUGLEIKA.

SPURNING DAGSINS

Páll, myndir þú frekar vilja vera bara hrár?

Já, ég held það nú bara.

Páll Rósinkrans söngvari fagnaði um helgina fjörutíu ára afmæli sínu. Hann sagði í viðtali við Fréttablaðið að það væri „glatað að eldast“.

Ummæli umsjónarmanns EM stofunnar um að landsliðið sé eins og þýskir nasistar vekja athygli:

Ótrúlegt að nokkur láti svona út úr sér

FJÖLMIÐLAR Ummæli Björns Braga Arnarssonar í tengslum við leik Íslands og Austurríkis hafa ratað í þýska og austurríska miðla en hann líkti íslenska landsliðinu við nasista sem væru að slátra því austurríska.

„Íslenska landsliðið er eins og þýskir nasistar árið 1939 – að slátra Austurríkismönnum,“ sagði Björn Bragi Arnarsson um íslenska karlaliðið í hálfleik í leik Íslands og Austurríkis en íslenska liðið vann leikinn 33-27. Björn Bragi er umsjónarmaður EM stofunnar á RÚV, en í þættinum er fjallað um Evrópumótið í handknattleik sem fram fer í Danmörku. Björn hefur beðist afsökunar á ummælum sínum.

Fjallað er um málið á þýsku vefsíðunni Sport1.de í gær. Einnig er fjallað um það á austurrísku síðunni laola1.at en þar kemur fram að austurríska handknattleikssambandið líti málið alvarlegum augum.

„Við erum ennþá að bíða eftir réttri þýðingu og staðfestingu á því að hann hafi látið þessi orð flakka en ef það reynist rétt munum við leita réttar okkar,“ segir Gerhard Hofbauer, forseti austurríska handknattleikssambandsins.

Patrekur Jóhannesson, þjálfari austurríska landsliðsins, hafði þetta að segja um ummæli Björns Braga:

„Það er ótrúlegt að einhver láti svona út úr sér. Sem Íslendingur skammast ég mín í raun fyrir svona ummæli og er það vægt til orða tekið,“ sagði Patrekur í samtali Sport1.de

- jme/sáp

BJÖRN BRAGI ARNARSON Misheppnuð ummæli draga dilk á eftir sér

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

MÓTMÆLI Í ISTANBÚL Mannfjöldinn krafðist þess að Hrant Dink fengi uppreisn æru.

NORDICPHOTOS/AFP

Sex ár liðin frá morði á armenskum blaðamanni:

Þúsundir minntust Hrants Dink

TYRKLAND Þúsundir manna komu saman í Istanbúl í gær til að minnast blaðamannsins Hrants Dink, sem myrtur var 19. janúar árið 2007.

Mannfjöldinn krafðist þess að Dink fengi uppreisn æru, en hann var 52 ára þegar hann var myrtur úti á götu um hábjartan dag fyrir utan skrifstofur dagblaðsins Argo í Istanbúl, þar sem hann starfaði.

Dink var einn helsti talsmaður armenska minnihlutans í Tyrklandi, en tyrkneskir þjóðernissinnar hötuðust við hann vegna þess að hann hikaði ekki við að kalla fjöldamorð Tyrkja á Armenum á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar þjóðarmorð.

Óeirðalögreglan hafði mikinn viðbúnað í borginni af þessu tilefni.

Í ÚLPUNNI Daði var mjög ánægður með viðbrögð lögreglu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Endurheimti stolnu úlpuna af Bland.is

Daði Freyr Ingólfsson varð fyrir því að úlpunni hans var stolið í síðustu viku en endurheimti flíkina með aðstoð óeinkennisklæddra lögregluþjóna eftir að hafa rekist á hana á auglýsingasíðunni Bland.is. Þjófurinn þrætti fyrir stuldinn.

LÖGREGLUMÁL Daði Freyr Ingólfsson háskólanemi varð sársvekktur þegar úlpu hans var stolið úr háskólanum á mánudag. Daði dó þó ekki ráðalaus og hafði upp á úlpunni, þar sem búið var að auglýsa hana til sölu á vefnum Bland.is.

Með hjálp lögreglu endurheimti Daði yfirhöfnina sem var honum mjög kær og var hann afar þakklátur lögreglu.

„Úlpan hafði horfið hérna úr skólanum á mánudaginn og fyrir tilviljun sá ég hana auglýsta á Bland, innan við sólarhring eftir að hún hvarf,“ sagði Daði. Eftir samráð við lögreglu ákvað hann að mæla sér mót við þann sem auglýsti úlpuna til sölu.

„Ég hafði samband við lögreglu sem benti mér á að mæla mér mót við aðilann sem auglýsti úlpuna til sölu. Þeir fóru síðan á fundinn óeinkennisklæddir og endurheimtu úlpuna,“ sagði Daði.

Fundinn við auglýsandann sagði Daði hafa verið skrítinn. „Það skapaðist hálfgerð umsátursstemning þarna við Laugardalshöllina þar sem ég hafði mælt mér mót við aðilann. Undir lokin voru komnir tveir lögreglubílar þarna á bílaplanið og nokkuð gekk á.“

Daði sagði þann sem reyndi að selja úlpuna hafa neitað því í fyrstu að hafa stolið henni. „Fyrst sagðist hann hafa keypt úlpuna og að hún væri ný. Þegar við bentum honum á að úlpan væri augljóslega ekki ný þar sem þvottamiðinn væri til dæmis eyddur breytti hann sögunni og sagði að sér hefði verið gefin úlpan fyrir nokkrum dögum. Þetta er bara í höndum lögreglunnar núna. Þeir klára þetta,“ sagði Daði sem kveður úlpuna dýrmætan grip.

> **Það skapaðist hálfgerð umsátursstemning.**
>
> *Daði Freyr Ingólfsson*
> *lyfjafræðinemi við Háskóla Íslands*

„Ég var alveg búinn að sætta mig við að hún væri horfin. Þetta var mjög skrítið allt saman en ég er ánægður að úlpan er komin aftur í mínar hendur.“

elimar@frettabladid.is

Ólympíuleikar nálgast:

Bandaríkin hika við Sotsjí

BANDARÍKIN, AP Bandarískir þingmenn lýstu í gær alvarlegum áhyggjum af öryggismálum við Vetrarólympíuleikana í Sotsjí í Rússlandi, sem haldnir verða í næsta mánuði.

„Við virðumst ekki fá allar þær upplýsingar sem við þurfum til að tryggja öryggi íþróttamanna okkar á leikunum,“ sagði Mike Rogers, formaður leyniþjónustunefndar fulltrúadeildar Bandaríkjaþings. „Ég held að þetta þurfi að breytast, og það fljótt.“

- gb

50 milljarða frískuldamark:

Ákváðu mörkin í fjárlaganefnd

ALÞINGI Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, segir að 50 milljarða króna frískuldamark bankaskatts hafi orðið til á fundi nefndarinnar 11. desember eftir samskipti við fjármálaráðuneyti.

Frískuldamarkið þýðir að bankar og fjármálafyrirtæki í slitameðferð greiða ekki skatt af fyrstu 50 milljörðunum sem þau skulda. Frosti sagði í síðustu viku að hann myndi ekki hvernig fjárhæðin var fundin út.

- bá

Skaftárhlaup hófst í gær og kemur líklega úr vestari katlinum:

Ekki reiknað með stóru hlaupi

ALMANNAVARNIR Veðurstofan, almannavarnir og ríkislögreglustjóri sendu í gær frá sér viðvörun vegna hlaups í Skaftá, sem hófst í gær.

Lýst var yfir óvissustigi en vísindamenn töldu að um lítið hlaup væri að ræða. Upptök þess virðast vera í vestari Skaftárkatlinum í Vatnajökli.

Þó er talið rétt að benda ferðafólki á að halda sig fjarri kötlunum í Vatnajökli, sem og jöðrum Skaftárjökuls, Tungnárjökuls og Síðujökuls þar sem hlaupvatn gæti brotið sér leið upp á yfirborðið.

Búast má við flóðahættu næstu daga, auk þess sem brennisteinsvetni sem berst með flóðinu getur skaðað slímhúð í augum og öndunarvegi. Þá geta sprungur myndast hratt í Vatnajökli í kringum ketilinn.

„Núna rétt áðan kom hér feikna jökulpest inn í húsið,“ sagði Oddsteinn Kristjánsson, bóndi í Hvammi í Skaftártungu, þegar Fréttablaðið hafði tal af honum um kvöldmatarleytið í gær.

Hann sagðist þó ekki hafa miklar áhyggjur af flóði, enda ekki reiknað með stóru hlaupi í þetta skiptið og jörð auð hvort eð er. „Það þarf meira til en svona gusu,“ segir hann.

- gb

SKAFTÁ Næstu daga munu flóðaaðstæður ríkja við bakka Skaftár.

FRÉTTABLAÐIÐ/

Öruggir í vetrarfærðinni

SUZUKI

Way of Life!

...hann liggur svo vel á vegi að bros færðist breiðar og breiðar yfir ökumann eftir því sem hann var reyndur meira...

...Einn af allra stærstu kostum þessa nýja SX4 er hve mikill staðalbúnaður fylgir... Fréttablaðið 01.10.2013

S-CROSS: **Nýstárleg hönnun S-CROSS býður upp á sérlega rúmgott farþega- og farangursrými. Sparneytnar vélar, aksturseiginleikar í sérflokki auk ríkulegs staðalbúnaðar gera bílinn einstakan í sínum flokki.**
VERÐ: fjórhjóladrifinn frá kr. 4.490 þús.
Meðaleyðsla í blönduðum akstri frá 4,6 L/100 km.

SUZUKI SWIFT 4x4
Stór og rúmgóður með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.
Swift 4x4 er til beinskiptur í GL og GLX gerðum.
Verð frá 3.090 þús. Meðaleyðsla 5.5L/100 km

SUZUKI 4WD

FULL FRAME 4x4

Upplifðu einstaka aksturseiginleika Jimny.
Fæst beinskiptur og sjálfskiptur.
Öflugur og léttur þriggja dyra jeppi með hátt og lágt drif, sem hefur sannað sig við íslenskar aðstæður. Algjör „sparibaukur".
Verð frá kr. 3.450 þús.
Meðaleyðsla frá 7,1/100km, beinskiptur.

FULL FRAME 4x4

SUZUKI GRAND VITARA – Táknmynd áreiðanleikans.
Með öflugri og sparneytinni 2.4L 169 hö/vél.
Alvöru jeppi með hátt og lágt drif. Skynsamleg kaup, hagkvæmur rekstur. Verð frá 5.590 þús., beinskiptur. Meðaleyðsla 8.8L/100 km

Kizashi er fjórhjóladrifinn sjálfskiptur fólksbíll í millistærðarflokki.
Vandaður og með frábæra aksturseiginleika.
Bíll sem keppir við þá bestu!
2,4L vél. Verð 5.880 þús. Meðaleyðsla 8,3L/100km

SX4 CLASSIC: Sparneytin vél, fullkomið fjórhjóladrif, vandaður búnaður og síðast en ekki síst hagstætt verð.
Með 1,6L vél. Verð kr. 3.780 þús.
Meðaleyðsla 6,5L/100 km.

Hjá okkur geturðu upplifað hátt og lágt drif

Komdu og reynsluaktu Suzuki - upplifunin verður ánægjuleg.

SUZUKI – FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF ▪ SKEIFUNNI 17 ▪ SÍMI 568 5100 ▪ WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf, Jan. 2014

SVONA ERUM VIÐ

1.800 tonn af plasti úr flöskum með skilagjaldi eru seld úr landi árlega.

Því til viðbótar eru um 700 tonn af endurunnu áli úr drykkjarumbúðum seld úr landi á ári.

Heimild: Endurvinnslan

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps vöruð við áhrifum niðurlagðra varnarlína:

Slæmar afleiðingar fyrir sauðfé

LANDBÚNAÐUR Niðurlagning sauðfjárveikivarnarlína var rædd á sveitarstjórnarfundi í Mýrdalshreppi í síðustu viku. Einar Þorsteinsson, fyrrverandi ráðunautur, vakti athygli fundarmanna á því að niðurlagning varnarlína hefði þegar haft slæmar afleiðingar fyrir dýraheilbrigði.

„Ég hef haft veður af þessu undanfarin ár," segir Sigurður Sigurðarson dýralæknir. Erfitt sé að stöðva útbreiðslu sjúkdóma á borð við lungnapest, kregðu og garnaveiki í sauðfé ef varnarlínur eru lagðar niður.

„Þá geta menn farið að versla," segir Sigurður. „Ein aðalhættan við það er að sjúkdómar geta breiðst út milli landshluta."

Varnarlína milli Eyjafjalla og Mýrdals er meðal þeirra sem lagðar hafa verið niður. Sigurður var mótfallinn þeirri ákvörðun. „Mín afstaða hefur verið sú að það sé ekki sniðugt að versla með sauðfé á meðan sjúkdómar eru mismunandi eftir svæðum." - bá

SAUÐFÉ VARNARLÍNUR geta stemmt stigu við því að smitsjúkdómar á borð við lungnapest og kregðu dreifist milli staða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Góður afli hjá ísfisktogurum:

Kaldbakur EA aflahæstur

SJÁVARÚTVEGUR Togarinn Kaldbakur EA, stærsti ísfisktogari landsins, var aflahæstur ísfisktogara á síðasta ári, veiddi rúmlega 8.100 tonn. Hann var eini íslenski togarinn sem fór til veiða í Barentshafi.

Næstmesta aflann fékk Björgúlfur EA, tæp 7.700 tonn. Björgúlfur landaði mest 950 tonnum í einum mánuði sem var mesti mánaðarafli ísfisktogara á síðasta ári. 24 ísfisktogarar stunduðu veiðar hér við land í fyrra. - jme

Gátu ekki lent vegna þoku:

Fastir í flugvél í ellefu tíma

SAMGÖNGUR Farþegar Wow Air á leið til Salzburg voru strandaglópar í rúman sólarhring í Stuttgart um helgina.

„Við vorum föst inni í vélinni í ellefu klukkutíma," segir Guðmundur Rafn Bjarnason farþegi og bætir við: „Ég veit í raun ekki af hverju vélin gat ekki lent."

Svana Friðriksdóttur, upplýsingarfulltrúi Wow Air, segir að þoka hafi hamlað för og því ekki verið hægt að halda áætlun. Farþegarnir voru látnir gista eina nótt í Stuttgart en þokunni hafði létt í Salzburg daginn eftir og þá gat vélin lent. - jme

LÚÐVÍK GEIRSSON Bæjarstjórinn fyrrverandi býður sig ekki fram til bæjarstjórnar að nýju. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Samfylkingin í Hafnarfirði:

Flokksval fer fram í febrúar

STJÓRNMÁL Flokksval Samfylkingarinnar í Hafnarfirði fer fram dagana 14. til 15. febrúar. Er frestur til framboðs rann út á föstudaginn höfðu fjórtán boðið sig fram. Samfylkingin hefur fimm fulltrúa í bæjarstjórn. Þar af bjóða þau Margrét Gauja Magnúsdóttir, Gunnar Axel Axelsson og Eyjólfur Sæmundsson sig fram á ný.

Í flokksvalinu er kosið um sex sæti. Lokafrestur til að skrá sig á félags- eða stuðningsmannaskrá rennur út 7. febrúar. - bá

Segja Þorstein ekki eiga Vatnsendaland

Þorteinn Hjaltested krafðist þess að Kópavogsbær greiddi honum tæpa 7 króna milljarða króna fyrir vanefndir í Vatnsendamálinu. Héraðsdómur sagði málið vanreifað og vísaði því frá. Bæjarstjóri segir þetta góð tíðindi fyrir íbúa Kópavogs.

DÓMSTÓLAR „Það er ekkert um þennan úrskurð að segja á þessu stigi málsins. Það eru engin komment frá mér," segir Þorsteinn Hjaltested á Vatnsenda.

Þorsteinn hafði krafist þess fyrir dómi að Kópavogsbæ yrði gert að greiða honum um 6,9 milljarða króna með dráttarvöxtum frá 1. júní 2007 til greiðsludags auk málskostnaðar.

Forsagan málsins er sú að Kópavogsbær tók eignarnámi 864 hektara úr jörðinni Vatnsenda árið 2007. Gerð var svokölluð „sáttagerð" í málinu samkvæmt henni fékk Þorsteinn 2.250 milljónir króna fyrir landið. Þá átti Þorsteinn að fá 300 lóðir undir sérbýli á 35 hekturum jarðarinnar sem ekki voru teknir eignarnámi. Einnig átti hann að fá 11 prósent af öllum byggingarrétti fyrir íbúðarhús og atvinnuhúsnæði sem úthlutað yrði á svæðinu. Þorsteinn taldi að bærinn hefði ekki staðið við sáttagjörðina og krafðist bóta.

Kópavogsbær krafðist þess að málinu yrði vísað frá dómi með þeim rökum Þorsteinn ætti ekki landið. Hæstiréttur hefði dæmt að í maí á síðasta ári að beinn eignarréttur á jörðinni væri en á hendi dánarbús Sigurðar Kristjáns Lárussonar Hjaltested en Sigurður var afi Þorsteins.

Í úrskurði Héraðsdóms segir að því verði ekki slegið föstu hvort Þorsteinn eigi í raun fjárkröfu sem hann hefur uppi í málinu.

Eins og málið liggi fyrir dómnum sé hvorki mögulegt að dæma stefnanda hina umkröfðu fjárhæð í heild eða að hluta, né sýkna stefnda af kröfum hans. Málið þykir vanreifað af hálfu Þorsteins og því beri að vísa því frá dómi og Þorsteini gert að greiða hálfa milljón í málskostnað.

„Ef þetta verður endanleg niðurstaða þá eru þetta auðvitað mjög góð tíðindi fyrir Kópavogsbæ enda tekist á um gríðarlega háar fjárhæðir í málinu," segir Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri í Kópavogi. „Málið hefur verið fyrir dómi í tæp þrjú ár og hefur Kópavogsbær allt frá upphafi talið að kröfur stefnanda væru byggðar á afar veikum grunni." +

johanna@frettabladid.is

MÁLAFERLI Kópavogsbær telur að samkvæmt dómi Hæstaréttar eigi dánarbú Kristjáns Hjaltested Vatnsendaland. Landið er afar verðmætt byggingarland fyrir Kópavog. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

„Það eru engin komment frá mér.

Þorsteinn Hjaltested á Vatnsenda.

Offeitum fer hægt fækkandi:

Íslendingar hættir að fitna

HEILBRIGÐISMÁL „Íslendingar eru hættir að fitna, bæði börn og fullorðnir," segir Stefán Hrafn Jónsson, félagsfræðingur hjá embætti Landlæknis. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Gögn Hjartaverndar um þróun líkamsþyngdarstuðuls fullorðinna Íslendinga frá 1967 til 2010 sýna að Íslendingar voru að þyngjast til 2007 en eftir það hefur líkamsþyngdin staðið í stað.

Þá hefur börnum yfir kjörþyngd fækkað frá árinu 2008 um 4 til 5%, samkvæmt gögnum frá embætti Landlæknis. - jme/hþ

ÞÓRSVÖLLUR Nú stendur yfir smíði þaks á nýja stúku Knattspyrnufélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

KSÍ spyr um stúku á Akureyri:

Hyggjast ekki smíða stúkuþak

BYGGÐAMÁL Knattspyrnusamband Íslands vill að Akureyrarbær útbúi framkvæmdaáætlun vegna smíði þaks á stúku Þórsvallar.

Akureyrarbær hefur undanfarin ár varið rúmum þremur milljörðum króna til uppbyggingar knattspyrnustarfsemi. Má þar nefna yfirbyggðan gervigrasvöll í fullri stærð, 1.000 manna stúku á Þórsvelli og gervigrasvöll á svæði KA. Í framkvæmdaáætlun næstu þriggja ára er ekki er gert ráð fyrir þaki á Þórsstúku. - bá

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



FROSTLAUST Á LÁGLENDI Það er milt í veðri miðað við árstíma þessa dagana. Í dag og næstu daga verður yfirleitt fremur hægur vindur og úrkomulítið norðan- og vestanlands en rigning eða slydda suðaustan og austanlands.



Á morgun
Yfirleitt 3-8 m/s en hvassara SA-til.



Miðvikudagur
Hæg breytileg átt.

Alicante	16°	Berlín	2°	Friedrichshafen	6°	Las Palmas	20°	New York	5°	París	9°
Aþena	18°	Billund	2°	Gautaborg	2°	London	8°	Orlando	20°	San Francisco	18°
Basel	9°	Frankfurt	7°	Kaupmannahöfn	2°	Mallorca	12°	Ósló	-5°	Stokkhólmur	-3°

Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

MP banki flytur alla starfsemi sína í Ármúla 13a

VIÐ ERUM FLUTT



Mánudaginn 20. janúar lokaði útibú MP banka við Borgartún 26 og flutti alla þjónustu í höfuðstöðvar bankans í Ármúla 13a.

Með þessu viljum við efla tengsl okkar við viðskiptavini okkar og bjóða eftir sem áður upp á framúrskarandi þjónustu á sviði eignastýringar, verðbréfamiðlunar, fyrirtækjaráðgjafar, og gjaldeyrismiðlunar — auk sérhæfðrar bankaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Hjá MP banka starfar fjöldi sérfræðinga í bankastarfsemi, eða um 100 manns. Þessi kraftmikli hópur mun framvegis starfa að sameiginlegu marki í Ármúlanum, þar sem öll þjónusta er á einum stað. Með tilheyrandi hagræði fyrir viðskiptavini.

Verið velkomin í MP banka.

www.mp.is

Hafðu samband
thjonusta@mp.is
540 3200

mp banki

1. Hvaða íslenska skáld er sagt hafa reynt að selja norðurljósin?
2. Hvaða íslenski listamaður ætlar að loka sig af nakinn í heilan mánuð í Ketilhúsinu á Akureyri?
3. Hve hátt hlutfall íslenskra stórfyrirtækja uppfyllir lagakröfur um kynjahlutfall starfsfólks?

SVÖR:
1. Einar Benediktsson. **2.** Curver Thoroddsen. **3.** Rétt rúmlega helmingur.

Umboðsmaður Alþingis segist hafa fengið allmargar kvartanir vegna framgöngu lögreglumanna:

Vantar sérstök lagaákvæði um lögregluna

STJÓRNSÝSLA Umboðsmanni Alþingis hafa að undanförnu borist allmargar kvartanir þar sem fólk telur að lögregla hafi brotið á réttindum þess. Umboðsmaður segir að þar eigi í hlut einstaklingar sem sætt hafa rannsókn eða afskiptum lögreglu vegna gruns um refsiverða háttsemi eða af öðru tilefni.

Í bréfi sem umboðsmaður sendi Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra um áramót segist umboðsmaður hafa velt því fyrir sér hvaða úrræði standi fólki til boða þegar það telur að lögreglan hafi ekki farið að réttum samskiptareglum.

Í bréfi umboðsmanns kemur fram að að í núgildandi lögum sé ekki að finna sérstök ákvæði um kvartanir vegna framgöngu lögreglumanna í starfi ef frá eru talin ákvæði lögreglulaga sem varða kæru vegna meintrar refsiverðrar háttsemi.

Umboðsmaður segir að í nágrannalöndunum hafi þróunin verið sú að tryggja betur mögu-leika borgaranna til að bera fram kvartanir vegna samskipta við lögreglu og þá líka í tilvikum þar sem ekki leikur grunur á að framganga lögreglu hafi verið með refsiverðum hætti.

Loks biður umboðsmaður ráðherra að upplýsa hann um hvort ábendingar hans verði tilefni til viðbragða af hálfu ráðuneytisins. Jafnframt hvort tilefni sé til þess að umboðsmaður taki að sér framkvæmd eftirlits með starfsemi lögreglunnar að eigin frumkvæði. - jme

TRYGGVI GUNNARSSON Umboðsmaður Alþingis vill farveg vegna kvartana um aðgerðir lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BIRKIR JÓN JÓNSSON

Birkir Jón í Kópavoginn:

Býður sig fram í bæjarstjórn

SVEITARSTJÓRNARMÁL Birkir Jón Jónsson, fyrrverandi alþingismaður og varaformaður Framsóknarflokksins, hefur ákveðið að gefa kost á sér í fyrsta sæti flokksins í Kópavogi fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Birkir Jón var þingmaður Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi frá 2003 til 2010 en þá ákvað hann að hætta á þingi. Hann var aðstoðarmaður Páls Pétursson félagsmálaráðherra á árunum 2001 til 2003 og sat í bæjarstjórn Fjallabyggðar 2006 til 2010. -jme

Ofanflóðanefnd synjar:

Borga ekki fyrir vatnsaga á lóð

STJÓRNSÝSLA Ofanflóðanefnd neitar að verða við ósk Ísafjarðarbæjar og styrkja framkvæmdir vegna vatnsaga á tveimur lóðum við Urðarveg á Ísafirði. „Framkominni ósk um styrk var synjað þar sem ekki hefur verið rökstutt að vatnsaginn hafi verið tilkominn vegna framkvæmda við ofanflóðavarnir og ekki var leitað eftir stuðningi við framkvæmdina áður en hún fór fram," útskýrir ofanflóðanefndin. Hins vegar veitti nefndin 250 þúsund krónur vegna framkvæmda við vegslóða við ofanflóðavarnir neðan Gleiðhjalla. - gar

GAGNAVER Frá því að Blönduósvirkjun var tekin í notkun fyrir rúmum tuttugu árum hefur verið reynt að leita leiða til að nýta orkuna sem næst virkjunarstað. Í þeim tilgangi hafa menn boðið fram lóð og aðstöðu fyrir gagnaver á Blönduósi.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Bjartsýni á Blönduósi um gagnaver í bæinn

Alþingi hefur samþykkt þingsályktunartillögu um eflingu atvinnulífs í Húnaþingi eystra. Horft til byggingar gagnavers svo hægt sé að nýta á hagkvæman hátt orku frá Blönduvirkjun. Bæjarstjórinn er því vongóður um að gagnaver rísi á Blönduósi.

SVEITASTJÓRNIR „Gagnaver gæti skapað fimm til fimmtán ný störf á Blönduósi. Þó þetta séu ekki mörg störf myndu þau skipta miklu máli fyrir atvinnulíf hér um slóðir," segir Arnar Þór Svavarsson, bæjarstjóri á Blönduósi.

Alþingi hefur samþykkt þingsályktunartillögu um átak stjórnvalda og sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu um eflingu atvinnulífs og sköpun nýrra starfa á Norðurlandi vestra svo hægt sé að nýta raforku sem framleidd er í Blönduvirkjun á sem hagkvæmastan hátt. Þá er fyrst og fremst horft til byggingar gagnavers á Blönduósi.

Blönduvirkjun var tekin í gagnið árið 1991. Síðan hafa sveitarfélög í Austur-Húnavatnssýslu unnið að því að fá orkufrekan iðnað í héraðið.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur fram að samstarf við innlenda og erlenda aðila sem reynslu hafa af byggingu gagnavera hafi leitt í ljós að svæðið sé kjörið fyrir starfsemi öflugs gagnavers sem krefst verulegrar raforku með miklu afhendingaröryggi, gnægð byggingarlands og góðum kælimöguleikum.

Orkuöryggið byggist að verulegu leyti á nálægð við Blönduvirkjun og tengivirki Landsnets við Laxárvirkjun.

Náttúruleg vá sé í lágmarki miðað við íslenskar aðstæður þar sem svæðið sé utan virkra eldfjalla- og jarðskjálftasvæða.

Hætta á flóðbylgjum, snjóflóðum og skriðuföllum sé heldur ekki til staðar. Þessu til viðbótar má nefna að aðalskipulag Blönduósbæjar gerir ráð fyrir 270 hektara lóð sem er 40 metra yfir sjávarmáli.

Arnar Þór segir að áhugi erlendra fjárfesta á að reisa gagnaver hér landi hafi aukist á nýjan leik enda sé efnahagsástand í heiminum að batna.

Á síðasta áratug voru viðræður um byggingu gagnavers á Blönduósi komnar nokkuð langt. Sá sem sýndi mestan áhuga var Morgan Stanley-bankinn sem ætlaði að hýsa rafræn gögn sín í verinu. Það slitnaði upp úr viðræðum 2012 og síðan hafa engar beinar viðræður átt sér stað.

„En ég er vongóður um að í fyllingu tímans rísi hér gagnaver," segir Arnar Þór.

johanna@frettabladid.is

Talsvert að gera hjá lögreglu:

Reyndi að flýja af fjórðu hæð

LÖGREGLA Töluverður erill var hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Um klukkan hálf níu á laugardagskvöldið var karlmaður handtekinn við veitingahús í miðbæ Reykjavíkur fyrir að ráðast á starfsmann staðarins. Maðurinn var vistaður í fangageymslu.

Lögregla var einnig kölluð að fjölbýlishúsi í Austurborginni rétt eftir klukkan eitt aðfaranótt sunnudags vegna gruns um heimilisofbeldi. Á vettvangi fundust fíkniefnaplöntur og voru tveir menn handteknir og vistaðir í fangageymslu fyrir vikið. Annar aðilinn reyndi að flýja lögreglu með því að fara fram af svölum á 4. hæð en náðist stuttu síðar. - bá

Í MÝRDAL Mýrdælingar horfa til betri netþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Framlag frá Mýrdalshreppi:

Fjórar milljónir í ljósaleiðarann

FJARSKIPTI Sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur samþykkt að setja fjórar milljónir króna inn í óstofnað hlutafélag sem ætlar að leggja ljósleiðara á alla bæi í hreppnum. Framlagið verur annaðhvort í formi aðgangskaupa að kerfinu fyrir skrifstofu og skóla eða í formi hlutafjár. „Skilyrði þess að framlagið verði greitt út er að takist að fullfjármagna verkefnið að öðru leyti og að almenn þátttaka verði í verkefninu í Mýrdalshreppi," segir í skilmálum sveitarstjórnarinnar. -gar

SIEMENS

Heimilistæki frá Siemens til að prýða eldhúsið þitt og létta þér störfin. Lausnina færðu hjá okkur.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

EARTH DREAMS
TECHNOLOGY

HONDA
The Power of Dreams

HONDA CR-V
BÍLL ÁRSINS 2014
Á ÍSLANDI Í FLOKKI JEPPA OG JEPPLINGA*

* Skv. vali Bandalags íslenskra bílablaðamanna, BÍBB.

HONDA CR-V
KOSTAR FRÁ 5.290.000
EYÐSLA FRÁ 4,5L/100km

www.honda.is

BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

Nýnemar Lögregluskólans:

Konur fleiri í lögreglunámi

LÖGREGLUMÁL Af sextán nýnemum í Lögregluskóla ríkisins eru ellefu þeirra konur eða 68,57 prósent. Það er hæsta hlutfall kvenna sem nokkru sinni hefur verið og í fyrsta sinn sem konur eru í meirihluta nemenda.

Meðalaldur nýnemanna er 24,8 ár sem er nokkru lægra en áður. Af þessum nýnemum hafa fimm starfað sem afleysingamenn í lögreglunni. Önnin tekur fjóra mánuði. Eftir það fara nemendurnir í starfsnám í lögreglunni. - fbj

Í KAUPHÖLLINNI Frá skráningu TM í í fyrravor. Sigurður Viðarsson forstjóri hringir inn viðskiptin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

5,5% hlutur í TM boðinn út:

Seldu bréf fyrir 1,3 milljarða

VIÐSKIPTI Eignarhaldsfélagið Stoðir hefur selt allan hlut sinn í Tryggingamiðstöðinni hf. (TM). Ríflega 5,5 prósenta hlutur Stoða í TM var seldur í útboði sem lauk síðdegis á fimmtudag.

Boðnar voru til sölu tæplega 42,1 milljónir hluta og samþykkt voru tilboð á bilinu 31,5 til 32,56 krónur á hlut, að því er fram kemur í tilkynningu til Kauphallar. Heildarsöluverðmæti útboðsins var 1.341,2 milljónir króna.

„Gjalddagi og eindagi greiðslu vegna útboðsins er klukkan 16.00 þann 21. janúar 2014 og verða hlutir í Tryggingamiðstöðinni hf. afhentir kaupendum sama dag," segir í tilkynningunni. - óká

Lögreglan vinni hættumat fyrir ferðamenn á Íslandi

Þingmenn allra flokka vilja áhættumat fyrir Ísland vegna ferðaþjónustu til að fækka slysum og minnka kostnað. Sérfræðingur segir málið brýnt ímyndarmál. Umfjöllun um ónógt öryggi geti stórskaðað ferðaþjónustuna.

ÖRYGGISMÁL Þingmenn allra flokka vilja að unnið verði áhættumat fyrir Ísland í tengslum við ferðaþjónustu. Aukið öryggi er ekki aðeins kappsmál af augljósum ástæðum – til að fækka slysum og minnka kostnað við leitar- og björgunarstarf – heldur er um risavaxið ímyndarmál fyrir íslenska ferðaþjónustu að ræða.

„Auðvitað þarf alltaf að vinna að því að tryggja öryggi ferðafólks, og lágmarka kostnað. En þetta er ekki síður skaðinn sem getur orðið fyrir ferðaþjónustuna ef alvarlegir atburðir gerast. Það getur orðið gríðarlegt áfall fyrir ferðaþjónustuna ef eitthvað alvarlegt gerist hér og það rís umræða um að við sinnum ekki öryggismálum af fullri alvöru. Tjónið sem gæti hlotist af því gæti orðið mjög mikið," segir Víðir Reynisson, sérfræðingur hjá almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra.

Þingmenn allra flokka lögðu fram þingsályktunartillögu í gær um að ríkislögreglustjóri vinni áhættumat fyrir Ísland með tilliti til ferðamennsku. Markmiðið er að fækka slysum hjá sífellt stækkandi hópi ferðamanna og draga úr kostnaði samfélagsins vegna leitar- og björgunarstarfs.

Víðir segir málið ekki síst aðkallandi vegna sífellt vaxandi ferðamennsku utan hins hefðbundna ferðamannatíma. „Í ljósi fjölgunar ferðamanna er nauðsynlegt að staldra við og meta hvað má gera betur."

Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingkona Vinstri grænna og fyrsti flutningsmaður tillögunar, sagði að fengi málið brautargengi yrði það unnið í samstarfi Ferðamálastofu, Landsbjargar, Umhverfisstofnunar og annarra á vettvangi ferðamála, öryggismála og náttúruverndar. Næði málið fram að ganga yrði kannað hvort ástæða þætti til að setja sérreglur um ferðir á þeim stöðum sem falla undir efsta áhættuflokk.

Hér er ekki verið að finna upp hjólið; mörg lönd hafa þegar þennan háttinn á. Svo er málum háttað á Grænlandi og Svalbarða, er til-tekið í greinargerð tillögunnar. Eins hafa Nýsjálendingar tekið þetta skref til fulls, segir Víðir.

Málið er ekki heldur nýtt af nálinni í þinginu. Má segja að það sé framhald þess að Katrín Júlíusdóttir, þáverandi iðnaðarráðherra, lagði fram stjórnarfrumvarp sem byggðist á tillögum um endurskoðun laga um skipan ferðamála en náði ekki fram að ganga.

svavar@frettabladid.is

LEIT Ferðamenn leita ævintýra víða og því fylgja slys með tilheyrandi hættu fyrir björgunarfólk, auk mikils kostnaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Það getur orðið gríðarlegt áfall fyrir ferðaþjónustuna ef eitthvað alvarlegt gerist hér og það rís umræða um að við sinnum ekki öryggismálum af fullri alvöru.**
>
> *Víðir Reynisson, sérfræðingur hjá almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra*

Mælt með þrískiptingu vegna hættu

- Ferðamálastofa, Landsbjörg og Umhverfisstofnun unnu árið 2011 skýrsluna Öryggi á ferðamannastöðum. Stefna til 2015 – drög. Þar er lagt til að ferðamannastaðir á Íslandi verði flokkaðir í þrjá öryggisflokka. Í flokki 1 verði ferðamannastaðir í byggð, í flokki 2 ferðamannastaðir utan alfaraleiða og í flokki 3 þeir ferðamannastaðir þar sem aðgengi er erfitt.
- Með tilliti til hnattstöðu Íslands, náttúrufars og veðurlags og þeirrar staðreyndar að talsvert er um slys á ferðafólki hér á landi og kostnaðar- og áhættusamir leitar- og björgunarleiðangrar í óbyggðum virðist ærin ástæða til þess að gert verði áhættumat fyrir ferðir í óbyggðutm Íslands þar sem helstu áhættuþættir við slíkar ferðir verði dregnir fram og metnir.

Tillaga til þingsályktunar um áhættumat vegna ferðamennsku.

GLÆNÝ LÍNUÝSA OG HROGN
LIFUR FYLGIR FRÍTT MEÐ
AÐEINS 1.390 kr/kg
NÝLAGAÐUR PLOKKFISKUR OG FISKIBOLLUR
AÐEINS 1.390 kr/kg
TILBOÐIÐ GILDIR MÁNUDAG OG ÞRIÐJUDAG
HAFBERG
fiskbúð sælkerans
Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686
OPIÐ MÁNUD. - FÖSTUD. KL. 9 - 18.15 • LAUGARDAGA 11-16

Gagnrýni kvenna með áfengis- og fíkniefnavanda:

Nám áfengisráðgjafa í ólestri og skötulíki

HEILBRIGÐISMÁL Rótin, félag um málefni kvenna með áfengis- og fíkniefnavanda, segir svör heilbrigðisráðherra og menntamálaráðherra við spurningum Rótarinnar um menntun áfengis- og vímuefnaráðgjafa benda til þess að málaflokkurinn sé í ólestri.

„Námið tilheyrir engu skólastigi og litlar sem engar kröfur eru gerðar til þeirra sem annast kennslu ráðgjafanna. Umgjörð náms áfengis- og fíkniráðgjafa er því í skötulíki og yfirvöld þurfa að ráðast í úrbætur," segir í tilkynningu frá Rótinni.

Að sögn Rótarinnar kemur fram í svari heilbrigðisráðuneytisins að menntun ráðgjafa sé ekki á ákveðnu skólastigi heldur á heilbrigðisstofnunum sem annist fíknimeðferð og endurskoðun á náminu sé ekki hafin. Námið heyri undir velferðarráðuneytið sem ætli ekki að beita sér fyrir því að menntunin feli í sér fræðslu um ofbeldi og áföll og áhrif þess á fíknisjúkdóma. Engar kröfur séu gerðar til þeirra sem kenna ráðgjöfina aðrar en þær að námið sé í umsjón læknis.

„Með tilliti til þess vandasama hlutverks sem þessir starfsmenn hafa í lífi þeirra sem leita sér meðferðar þarf að gera metnaðarfyllri kröfur," segir Rótin. „Háskóli Íslands býður upp á diplómanám í áfengis- og vímuefnamálum sem samanstendur af tveimur 10 eininga fagnámskeiðum og einu sérverkefni. Það er langt frá því að vera fullnægjandi."

Þá segir Rótin að hafa verði til hliðsjónar við endurskoðun ráðgjafanámsins og við námskrárgerð að um 80 prósent kvenna sem fari í meðferð hafi orðið fyrir ofbeldi. „Þá er tímabært að boðið sé upp á fullt nám í fíknifræðum við háskóla hér á landi með tilheyrandi rannsóknarstarfi í faginu." - gar

GUÐRÚN EBBA ÓLAFSDÓTTIR Formaður Rótarinnar vill að ráðgjafanám taki mið af því að 80 prósent kvenna sem fari í meðferð hafi orðið fyrir ofbeldi.

BÆTTU VIÐ ÞIG ÞEKKINGU

NÁMSSTYRKIR Í BOÐI
Nánar á promennt.is

> *Ég var mjög ánægð með námskeiðið, frábært að geta verið heima og læra í gengum netið. Það var líka svo gott að geta nýtt sér sveigjanleikann í mætingu þar sem ég var í vaktavinnu. Ég er í alla staði mjög ánægð með þjónustuna hjá Promennt og á klárlega eftir að nýta mér það að fara á fleiri námskeið."*
Sólveig Pétursdóttir, bókhald – grunnur og Excel

> *Hér tók ég mín fyrstu skref og það voru gæfuspor."*
Hörður Jónasson, almennt tölvunám

www.promennt.is

BÓKHALDS- OG TÖLVUNÁM

Við hjá Promennt bjóðum upp á mikið úrval sérstaklega skemmtilegra og hagnýtra námskeiða í upplýsingatækni. Þeir sem vilja bæta við sig almennri tölvuþekkingu eða verða sterkari í bókhaldsvinnunni ættu ekki að láta þessi námskeið framhjá sér fara.

NÁMSSTYRKIR Í BOÐI

FRAMABRAUT – SKRIFSTOFUNÁM

Öflug námsbraut sem skilar strax árangri. Nám á þessari braut hentar fólki á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með aukinni menntun. Þetta nám hentar einnig vel sjálfstæðum atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.

FYRIR HVERJA?

Námið hefur nýst nemendum mjög vel í atvinnuleit enda eiga þátttakendur að vera færir um að sinna flestum skrifstofustörfum sem ritarar og öflugir tölvunotendur eða sem fulltrúar og aðstoðarbókarar í bókhaldsdeildum.
Þetta nám er einnig tilvalið sem grunnur fyrir frekara nám.

VIÐFANGSEFNI NÁMSBRAUTARINNAR

- *Námstækni og verkefnastjórnun með MindManager* (forritið, að verðmæti 32.000 kr, fylgir frítt með).
- *Tölvugreinar:* Windows 7 og 8 tölvugrunnur og skjalavarsla. Ritvinnsla í Word, Excel, PowerPoint og Outlook tölvupóstur, dagbók og skipulag.
- *Viðskiptagreinar:* Verslunarreikningur, virðisaukaskattur og meðferð VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald í Navision. Tollskýrslugerð.

Hefst: **29. jan.** • Morgun- og kvöldhópur • Lengd: **200 std.** • Verð: **159.000 kr.**

ALMENNT TÖLVUNÁM

Sérstaklega hagnýtt námskeið fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu og nota tölvu í vinnunni eða heima. Tilvalið námskeið fyrir þá sem þurfa að auka öryggi sitt í allri tölvuvinnslu með aukinni þekkingu, hraða og færni.

HELSTU KENNSLUGREINAR:

- Windows skjalavarsla
- Word
- Excel
- Internet
- Outlook, tölvupóstur og dagbók

Hefst: **3 feb.** • Morgun- og kvöldhópur • Lengd: **60 std.** • Verð: **59.000 kr.**

FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

Þrískipt 350 stunda námsbraut sem unnin er í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands og eiga nemendur því möguleika á að fá hluta námsins metinn til ECTS-háskólaeininga.

AF HVERJU FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI?

Markmiðið með þessari geysilega öflugu námsbraut er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf til að geta skarað fram úr í bókhaldsvinnu og verði vel undirbúnir fyrir próf til viðurkennds bókara á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

NÁMSBRAUTIN ER SAMSETT ÚR ÞREMUR HLUTUM AUK UNDIRBÚNINGS:

Kynning og námstækni með Mindjet hugarkortshugbúnaðinum

1. **Bókhald grunnur – kennt hjá Promennt**
2. **Bókaranám fyrir lengra komna – kennt hjá Promennt**
3. **Viðurkenndur bókari – kennt hjá EHÍ**

FYRIR HVERJA?

Um er að ræða mjög gagnlega og áhugaverða námsbraut sem gerir miklar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að ná frama á sviðum bókhalds-, fjármála- og hagdeilda fyrirtækja og stofnana, styrkja kunnáttu sína eða nota sem grunn fyrir frekara nám. Krafist er almennrar tölvukunnáttu.

Hefst: **28. feb.** (morgunhópur), **1. mars** (kvöldhópur)

BÓKHALD – GRUNNUR

Hnitmiðað nám fyrir starfandi skrifstofu- og verslunarfólk eða þá sem hafa hug á að starfa á þeim vettvangi. Námið hentar einnig einstaklingum með sjálfstæðan atvinnurekstur og þeim sem eru að hefja rekstrur og vilja vera sem mest sjálfbjarga við bókhaldið.

Hefst: **28. feb.** (morgunhópur), **1. mars** (kvöldhópur) • Lengd: **110 std.** • Verð: **119.000 kr.**

EQM VOTTUN
Gæðavottun fræðsluaðila

MICROSOFT VOTTUN
Promennt er eini Microsoft-vottaði skólinn á Íslandi.

FJARKENNSLA Í BEINNI
Hjá Promennt er einnig boðið upp á fjarkennslu í beinni.

DAG- OG KVÖLDNÁM
Hjá Promennt er boðið upp á dag og kvöldnám.

Skráning fer fram á **www.promennt.is** og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

PROMENNT
Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • **promennt.is**

PROMENNT

PIPAR\TBWA • SÍA

Ólga í Mið-Afríkulýðveldinu:

Réðust á hóp flóttamanna

MIÐ-AFRÍKULÝÐVELDIÐ, AP Vígamenn, vopnaðir sveðjum og kylfum, réðust á hóp múslima sem voru að flýja átök í Mið-Afríkulýðveldinu. Rúmlega tuttugu manns voru myrtir, þar af þrjú börn.

Alls hafa á annað þúsund manns látið lífið síðan átök hófust í landinu fyrir mánuði. Nærri milljón manns hefur flúið heimili sín.

Leiðtogi uppreisnarmanna, sem hefur verið forseti landsins um hríð, sagði af sér í síðustu viku.

- gb

Klitsjkó reyndi að stöðva árásir mótmælenda á lögreglu í Úkraínu:

Hörð átök brutust út á götum Kiev

ÚKRAÍNA, AP Hundruð mótmælenda héldu um helgina út á götur í Kíev, höfuðborg Úkraínu, þrátt fyrir ný lög sem setja strangar skorður við mótmælum. Til átaka kom við lögreglu.

Margir mótmælendur voru með hjálma og gasgrímur og reyndu að komast í áttina að þinghúsinu, sem lögreglan hafði girt af. Sumir tóku að ráðast á lögregluna með bareflum, og sumir köstuðu eldsprengjum og beittu jafnvel rafstuðssprengjum og slökkvitækjum. Einhverjir særðust og þurfti að hlúa að þeim.

Vitalí Klitsjkó, einn af helstu leiðtogum stjórnarandstöðunnar, reyndi að koma í veg fyrir að mótmælendur réðust að lögreglunni, en varð þá sjálfur fyrir árásum.

Andstæðingar Viktors Janúkovítsj forseta hafa staðið fyrir nánast linnulausum mótmælum í miðborg Kíev frá 21. nóvember síðastliðnum.

- gb

BARIST VIÐ BOXARANN Vítalí Klitsjkó, heimsmeistari í boxi og einn leiðtoga úkraínsku stjórnarandstöðunnar, í stympingum við aðra mótmælendur. NORDICPHOTOS/AFP

LEIÐTOGI Suthep Thaugsuban, leiðtogi mótmælenda, tekur við seðli frá einum stuðningsmanna sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mótmælin í Taílandi:

Tugir særðust í sprengingum

TAÍLAND, AP Að minnsta kosti 28 manns særðust þegar tvær sprengingar urðu í Bangkok, höfuðborg Taílands, í gær. Sprengjurnar sprungu skammt frá minnismerki í norðanverðri borginni, þar sem stjórnarandstæðingar hafa hreiðrað um sig til mótmæla síðustu vikurnar.

Aukin harka hefur færst í mótmælin eftir því sem nær dregur kosningum, sem stjórnin hefur boðað til 2. febrúar.

Mótmælendur krefjast þess að stjórnin segi af sér, en bráðabirgðastjórn fái það hlutverk að gera endurbætur á stjórnkerfinu áður en boðað verði til kosninga.

- gb

Tugir timburhúsa brunnu

Stórbruni varð í norska bænum Lærdal aðfaranótt sunnudags og var barist við hann í hálfan sólarhring. Níutíu manns þurftu að leita sér læknishjálpar og eitt sögufrægt hús í gamla bænum varð eldinum að bráð.

NOREGUR Mikill bruni varð í bænum Leirdalseyri í Noregi um helgina. Alls brunnu þar 23 timburhús til grunna, þar af sextán íbúðarhús.

HEIÐA ARSENAULT

Nokkur önnur hús skemmdust í eldinum, sem kviknaði seint á laugardagskvöld. Ekki tókst að ráða niðurlögum hans fyrr en hálfum sólarhring síðar, en slökkvilið vaktar húsin áfram vegna hættu á að eldurinn brjótist út á ný.

Engin dauðsföll urðu í eldsvoðanum, en um níutíu manns þurftu á læknisaðstoð að halda vegna reykeitrunar.

Eitt sögufrægt hús varð eldinum að bráð, en í gamla bænum er byggð gamalla timburhúsa frá 18. og 19. öld sem er á heimsminjaskrá UNESCO, menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Mikil áhersla var lögð á að reyna að bjarga þessu hverfi, og tókst það að mestu.

Rafmagnslaust varð í stórum hluta bæjarins og farsímasamband lá niðri.

Mikið hvassviðri torveldaði slökkvistarfið og gekk um tíma afar erfiðlega að ráða niðurlögum eldanna.

„Vindurinn vann á móti okkur allan tímann," er haft eftir Gaute Johnsgaard, slökkviliðsstjóra í Årdal og Lærdal, í norska ríkisútvarpinu, NRK. „Á tímabili dreifðist eldurinn í allar áttir."

Loka þurfti götum í stórum hluta bæjarins og rýma hús.

Aðeins níu mánuðir eru síðan mikill bruni varð í Bergen þar sem gömul timburhús urðu eldi að bráð. Sannað þótti að kveikt hefði verið í á þremur stöðum þar, en óvíst er enn um upptök eldsins í Lærdal.

Margir Íslendingar hafa búið í Lærdal á undanförnum árum, meðal annars hjúkrunarfólk sem hefur farið þangað til starfa tímabundið.

Ein þeirra er Heiða Arsenault, sem býr í Årdal, skammt frá Lærdal.

„Þetta var rosalegt ástand. Fólk öskrandi og flautandi í bílum að reyna að koma sér í burtu. Fólk sá ekkert fyrir reyk og svo bara enduðu allir á sjúkrahúsinu til að fá súrefni," sagði Heiða í viðtali við Stöð 2 í gær.

Móðir sambýlismanns hennar býr í Lærdal og þegar hann fór að sækja móður sína var hann fenginn til slökkvistarfa og var við þau í alla nótt. „Þeir voru bara á fullu að slökkva elda og reyna að hjálpa til. Bæjarbúar eru voðalega ósjálfbjarga því þeir hafa svo lítið vatn."

gudsteinn@frettabladid.is

BRUNINN Í LÆRDAL Tugir húsa urðu eldinum að bráð. NORDICPHOTOS/AFP

Komdu. Gerðu betri bílakaup!

NOTAÐIR BÍLAR
MIKIÐ ÚRVAL

BÍLADÍLL DAGSINS!
Hafðu samband strax!

Tilboð: 2.590.000 kr.
Ford Mondeo Trend LOS38
Skráður júlí 2011, 1,6TDCi dísil, beinsk.
Ekinn 78.000 km.
Ásett verð: 2.880.000 kr.



Tilboð: 3.790.000 kr.
Volvo S40 Momentum D3 MBF22
Skráður sept. 2011, 2,0Di dísil, sjálfsk.
Ekinn 36.000 km.
Ásett verð: 3.990.000 kr.

Tilboð: 2.990.000 kr.
Ford Focus Trend Edition HMY43
Skráður apríl 2013, 1,6TDCi dísil, beinsk.
Ekinn 32.000 km.
Ásett verð: 3.230.000 kr. í ábyrgð

Tilboð: 1.590.000 kr.
Citroën C3 Seduction Airdream FYB41
Skráður apríl 2012, 1,6HDi dísil, beinsk.
Ekinn 74.000 km.
Ásett verð: 1.850.000 kr. í ábyrgð

Verð: 1.390.000 kr.
Toyota Rav4 AWD SO842
Skráður maí 2005, 2,0i bensín, beinsk.
Ekinn 122.000 km.

Fylgstu með á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg
Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

FINNDU BÍLINN ÞINN Á
NOTADIR.BRIMBORG.IS
TÖKUM ALLAR GERÐIR BÍLA UPPÍ!

NOTAÐUR UPP Í NOTAÐAN!
Við tökum notaða bílinn þinn uppí á hagstæðu verði og þú getur fengið milligjöfina lánaða – möguleiki á engri útborgun.

BÍLALÁN
ALLT AÐ 100% FJÁRMÖGNUN

Skoðaðu úrvalið á
NOTADIR.BRIMBORG.IS

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ár í bílgreinunni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

PIPAR\TBWA • SÍA • 140156

15 mínútna hraðferð milli KEF og REY?

Hádegisfyrirlestur í Offiseraklúbbnum þriðjudaginn 21. janúar kl. 12.00

Keflavíkurhraðlestin: Fjarlægur draumur eða forgangsverkefni?

- Er hraðlest á milli Keflavíkur og Reykjavíkur aðeins spurning um tíma?
- Hverju myndi hún breyta fyrir samfélagið á Suðvesturlandi?
- Hvaða þýðingu hefði hún fyrir þróun innanlandsflugs á Íslandi?
- Hvað kostar framkvæmdin og hvernig yrði hún fjármögnuð?
- Hverjir væru tilbúnir að leggja fjármagn í verkið?
- Gæti það borgað sig upp á nokkrum árum?

Runólfur Ágústsson ráðgjafi fjallar um möguleika háhraðalestar á milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur á hádegisfyrirlestri í boði Kadeco, þriðjudaginn 21. janúar kl. 12.00-12.45 í Offiseraklúbbnum, Grænásbraut 619.

Fundurinn um Keflavíkurhraðlestina er hluti af þriðjudagsfyrirlestraröð Kadeco, Geopark, Heklunnar, Keilis og Markaðsstofu Reykjaness.



Kadeco Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar | Sími 425 2100 | www.asbru.is

ÁSBRÚ

SKOÐUN

Skaðræði hins flata niðurskurðar:

Fitan má fjúka

Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri Lyfjastofnunar, ritar áhugaverða grein í Fréttablaðið í dag þar sem hún lýsir vandræðum stofnunarinnar sem „rekin er fyrir þjónustugjöld frá fyrirtækjum en hefur ekki heimild til að nýta þau til fulls“. Lyfjastofnun fær ekkert framlag úr ríkissjóði og skilaði tekjuafgangi 2012. Stofnunin sinnir eftirlitshlutverki og fyrirtækin borga brúsann. Fyrir bankahrunið hóf Lyfjastofnun að meta umsóknir um markaðsleyfi fyrir samheitalyf í samkeppni við aðrar lyfjastofnanir á EES-svæðinu. Að sögn Rannveigar skapaði þessi starfsemi gjaldeyristekjur og atvinnutækifæri á Íslandi.

Mikael Torfason
mikael@frettabladid.is

Eftir hrunið 2008 lá fyrir að nauðsynlegt væri að fara í gagngera endurskoðun á rekstri ríkisins og umfangi. Þjóðin reis einfaldlega ekki undir bólgnu bákni auk skulda ríkissjóðs. Þó hægt sé að þræta um prósentu hér eða þar þá er það engu að síður þannig að stjórnvöld völdu að fara í flatan niðurskurð til að mæta vandanum. Þá skipti litlu hvort stofnanir voru fjármagnaðar af sjálfsaflafé, eins og Lyfjastofnun, eða með fé úr ríkissjóði. Rannveig segir að „í tilfelli Lyfjastofnunar þýddu fjárheimildir fjárlaga höft á þróun nýsköpunarverkefnisins, en heimild fjárlaga var lægri en rekstraráætlanir stofnunarinnar.“

Flatur niðurskurður er skaðræði. Það veit hin venjulega fjölskylda sem hefur þurft að mæta tekjutapi eða skera niður útgjöld til að vinna á skuldum. Sú fjölskylda getur ekki leyft sér að minnka matarskammtinn um helming og fara í hálfa utanlandsreisu. Hún velur heldur að sleppa utanför og það hvarflar ekki að heimilisfólki að fækka ferðum í vinnuna og minnka þannig tekjurnar.

Flatur niðurskurður er bæði ósanngjarn og vitlaus. Fyrir hrun fjölgaði löggum ekki sérstaklega, né læknum og hjúkrunarfræðingum eða ljósmæðrum. Grunnstoðir voru ekki styrktar heldur blés kerfið út eins og líkami sem fitnar. Við sjáum þetta í nýlegu dæmi – vinnu sem hefur verið í gangi á vegum menntamálaráðuneytisins; í tillögum sem lúta að því að framhaldsskólakennurum sé gert að greina nemendur með tilliti til þess hversu gildir þjóðfélagsþegnar viðkomandi einstaklingar geti orðið. Hvernig gat það gengið svona langt? Það var í alvörunni fólk sem fékk útborguð laun fyrir að finna upp á slíkri þvælu. Þetta er því miður eitt dæmi af fjölmörgum; fitulög sem mega svo sannarlega fjúka. Sé líkingunni við líkamann haldið er staðan sú að fyrir hrun var ekkert gert til að styrkja grunnstoðir, vöðva og bein. Með flötum niðurskurði er skorið jafnt í bein og vöðva og fitu.

Flatur niðurskurður hefur stórskaðað okkur. Í tilfelli Lyfjastofnunar bendir margt til þess að við höfum orðið af bráðnauðsynlegum gjaldeyristekjum. Enn erum við að róa lífróður til lands, kreppan virðist ætla að lengjast vegna dugleysis stjórnvalda sem eru ofurseld vondu kerfi, vondri hugmyndafræði. Það er ljóst að það þarf að forgangsraða og til þess þarf kjark. Kjark til að hefja sig yfir þúfnahyggju – standa sómasamlega að því sem nauðsynlegt er til að rífa sig upp úr öldudalnum; fitan má fjúka.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLÞÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

FRÁ DEGI TIL DAGS

Þarf enga kosningu

Sigrún Magnúsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, var skýr í svörum í sunnudagsþætti Gísla Marteins þegar rætt var um hvort það ætti að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið. „Við sögðum að við myndum aldrei ganga í Evrópusambandið nema að undangenginni kosningu og við ætlum ekkert að ganga í Evrópusambandið. Þannig að það þarf enga kosningu,“ sagði Sigrún. Mjög margir kjósendur stjórnarflokkanna töldu í ljósi ummæla, sem formenn þeirra létu falla, að fljótlega yrði kosið um hvort halda ætti aðildarviðræðunum áfram.

Hvort og hvenær

Það væri ekki úr vegi að ríkisstjórnin færi að svara því hvort hún hyggist halda þjóðaratkvæðagreiðslu um málið og hvenær. Í aðdraganda kosninganna í vor lýsti Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, því ítrekað yfir að halda ætti þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræðurnar, til að mynda er haft eftir honum á Mbl.is undir lok apríl að hann hefði oft sagt að það ætti að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um málið á fyrri hluta kjörtímabilsins. Þetta var í aðdraganda kosninga. Fyrir nokkrum dögum sagði Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður utanríkismálanefndar, á Alþingi: „Það er líka skýrt að það er vilji stjórnarflokkanna að ekki verði haldið áfram viðræðum nema að slíkt yrði samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Í því felst auðvitað ekki ákvörðun um að halda þjóðaratkvæðagreiðslu eða hvenær hún verði haldin,“ sagði Birgir. Það eru spurningarnar hvort og hvenær sem væri gott að fá skýr svör við.

johanna@frettabladid.is

HALLDÓR



Korter í kosningar

STJÓRNMÁL

Ármann Kr. Ólafsson
bæjarstjóri Kópavogs

Í umdeildri samþykkt á síðasta fundi bæjarstjórnar Kópavogs var tekið fram að kaupa ætti nú þegar 30 til 40 íbúðir í bænum til að mæta vanda þeirra sem þurfa á félagslegum úrræðum að halda. Í sömu samþykkt var tekið fram að hefja ætti nú þegar undirbúning að byggingu tveggja fjölbýlishúsa með leiguíbúðum.

Engin greinargerð fylgdi samþykktinni með til dæmis ítarlegri kostnaðargreiningu, tekjuleiðum, áætlunum eða mati á áhrifum alls þessa á bæjarsjóð. Ljóst er þó að samþykktin felur í sér útgjöld upp á að minnsta kosti þrjá milljarða þótt tillöguflytjendur séu í þessum töluðum orðum að reyna að skrúfa þá tölu niður á harðahlaupum sínum undan sinni eigin samþykkt.

Ég hef í störfum mínum sem bæjarstjóri Kópavogs lagt ríka áherslu á vel sé vandað til verka enda kennir sagan okkur (og þarf þá ekki að leita langt aftur í tímann) að óvandaðar, ófaglegar og fljótfærnislegar ákvarðanir um stórauknar skuldsetningar, útgjöld og ég tala nú ekki um innistæðulaus loforð korteri fyrir kosningar, geta komið okkur á kaldan klaka.

Einmitt af þessum sömu ástæðum hefur löggjafinn takmarkað svigrúm sveitarstjórna til að víkja frá þegar samþykktum fjárhagsáætlunum nema fyrir liggi viðauki þar sem m.a. sé gerð grein fyrir því hvernig mæta eigi fyrirséðum útgjöldum. Enginn slíkur viðauki fylgdi umræddri samþykkt og þess vegna hefur lögmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfest að hún er ólögleg. Það er í samræmi við það sem ég hef sagt frá upphafi þótt Guðríður Arnardóttir, bæjarfulltrúi og varaformaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, kunni að skella skollaeyrum við því og telji þar með fráleitt að sveitarfélög fylgi vönduðum stjórnsýsluháttum.

➜ Ljóst er þó að samþykktin felur í sér útgjöld upp á að minnsta kosti þrjá milljarða þótt tillöguflytjendur séu í þessum töluðum orðum að reyna að skrúfa þá tölu niður.

Þar fyrir utan er fylgst grannt með fjármálum Kópavogsbæjar af nefnd um eftirlit með fjármálum sveitarfélaganna og hefur bærinn lagt fram áætlanir langt fram í tímann sem sýna hvernig hann hyggst koma skuldahlutfallinu niður fyrir lögleg og viðunandi mörk. Samþykktin setur allar þær áætlanir í uppnám.

Að framansögðu ætti því ekki að koma neinum á óvart að lánshæfismatsfyrirtækið Reitun hafi fært horfur á lánshæfismati bæjarins úr stöðugum í neikvæðar – nema kannski Guðríði Arnardóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
DÆGURMÁL: Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Bregðum ekki fæti fyrir nýsköpun

LYFJASTOFNUN

Rannveig Gunnarsdóttir
forstjóri Lyfjastofnunar

> Allt sem þarf er vilji fjárveitingavaldsins og löggjafans til að leysa vandann þannig að stofnunin hafi tök á að veita þá nýsköpunarþjónustu sem fyrirtækin óska eftir og greiða fyrir.

Umræða hefur verið í þjóðfélaginu um mikilvægi uppbyggingar og nýsköpunar í atvinnulífi hér á landi. Gjarnan er vísað í skýrslu ráðgjafafyrirtækisins McKinsey sem kom út í ágúst 2012. Í henni er talað um Ísland sem eina af 15 ríkustu þjóðum heims mælt í landsframleiðslu á mann síðustu 30 árin. Nú er Ísland að færast neðar. McKinsey bendir á mikilvægi þess að Ísland bæti framleiðni, skapi ný tækifæri og auki fjölbreytni í undirstöðuatvinnugreinum. Allir vilja nýsköpun, ekki síst ráðamenn. Ýmislegt er tilgreint sem hjálpar nýsköpun svo sem opinberir styrkir.

Það er athyglisvert að yfirvöld nýta ekki öll tækifæri sem styðja nýsköpun, sem sum þarfnast ekki framlags úr ríkissjóði.

Nýsköpun hjá Lyfjastofnun

Á árinu 2006 réðst Lyfjastofnun í það nýsköpunarverkefni að meta umsóknir um markaðsleyfi fyrir samheitalyf að fullu, í stað þess að byggja matið á vinnu sérfræðinga annarrar lyfjastofnunar á Evrópska efnahagssvæðinu EES. Til að þetta væri framkvæmanlegt þurfti að fjölga sérfræðingum og þróa verkefnið. Lyfjafyrirtækin óska eftir þjónustunni og greiða fyrir hana. Hér er um samkeppni að ræða við aðrar lyfjastofnanir á EES. Með því að meta þessar umsóknir hér skapast gjaldeyristekjur og atvinnutækifæri fyrir hámenntaða sérfræðinga auk starfa hjá íslenskum lyfjafyrirtækjum.

Heftandi áhrif fjárlaga

Í kjölfar bankahrunsins var gerð krafa um lækkun rekstrarkostnaðar hjá Lyfjastofnun eins og hjá öðrum ríkisstofnunum. Skipti þá ekki máli hvort stofnanir voru fjármagnaðar af sjálfsaflafé, eins og Lyfjastofnun, eða með framlagi úr ríkissjóði. Í tilviki Lyfjastofnunar þýddu fjárheimildir fjárlaga höft á þróun nýsköpunarverkefnisins, en heimild fjárlaga var lægri en rekstraráætlanir stofnunarinnar. Þegar tekjumarki fjárheimilda er náð á stofnunin erfitt með sinna nýjum verkefnum, þrátt fyrir að greiðsla sé tryggð. Ekki hefur verið heimilt að nýta tekjur umfram fjárheimildir, sem hefur bein áhrif á þjónustustig stofnunarinnar.

Mikil tregða hefur verið hjá fjárveitingavaldinu að hækka fjárheimild stofnunarinnar í samræmi við áætlun hennar um tekjur og því hefur stofnunin hvorki haft möguleika á að þróa verkefni frekar né efla starfsemina eins og stefnt var að. Ýmis lyfjafyrirtæki, s.s. Actavis og Alvogen, hafa áhuga á að Lyfjastofnun þjónusti þau frekar en þegar er gert og taki að sér verkefni sem að öðrum kosti eru unnin af öðrum lyfjastofnunum á EES.

Önnur tækifæri

Eitt af lögbundnum hlutverkum stofnunarinnar er að meta umsóknir um klínískar rannsóknir á sviði lyfja og lækningatækja. Lyfjastofnun tók við málaflokknum lækningatæki í maí 2011. Ekki hefur tekist að finna lausn á fjármögnun málaflokksins og er staðan sú að ekki er gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði eða fjárheimild í fjárlögum. Lyfjastofnun hefur því ekki möguleika á að meta klínískar rannsóknir á lækningatækjum eða sinna málaflokknum nema að mjög takmörkuðu leyti. Stofnuninni er óheimilt að nýta tekjur af lyfjamálum í að þjónusta lækningatækjamálaflokkinn. Sprotafyrirtækjum í lækningatækjaframleiðslu er því gert erfitt fyrir að framkvæma rannsóknir á Íslandi.

Hvað er til ráða?

Þegar stofnunum eru fengin ný verkefni samkvæmt lögum er nauðsynlegt að tryggt sé að verkefnum fylgi fjármagn til að sinna þeim á viðunandi hátt.

Lyfjastofnun verður að hafa heimild til að sinna þeim verkefnum sem viðskiptavinir stofnunarinnar óska eftir, í samræmi við þær tekjur sem stofnunin aflar. Allt sem þarf er vilji fjárveitingavaldsins og löggjafans til að leysa vandann þannig að stofnunin hafi tök á veita þá nýsköpunarþjónustu sem fyrirtækin óska eftir og greiða fyrir.

Við getum gert betur

Það má ekki gleyma mikilvægri þjónustu opinberra stofnana sem fyrirtækin reiða sig á. Lyfjastofnun er rekin fyrir þjónustugjöld frá lyfjafyrirtækjum en hefur ekki heimild til að nýta þau til fulls. Föst fjárheimild í fjárlögum hentar ekki slíkri starfsemi. Fjöldi umsókna er ekki þekktur í upphafi árs og gjöldin eiga að standa straum af kostnaði við að afgreiða verkefnin. Takmörkun fjárheimilda Lyfjastofnunar skerðir möguleika þessara fyrirtækja á að byggja upp atvinnustarfsemi á Íslandi. Hafa skal í huga að þessi atvinnustarfsemi skapar verðmæt störf hámenntaðra sérfræðinga og ekki má gleyma gjaldeyrisöflun og skatttekjum fyrir ríkissjóð.

Af netinu

Framsýnir stjórnmálamenn hljóta að hugsa í nýjum lausnum. Mér sýnist sá ágæti maður, Halldór Halldórsson, sem skipar fyrsta sætið á D-lista sjálfstæðismanna í Reykjavík ekki hugsa í nýjum lausnum, bara nýjum hraðbrautum og fyrir ennþá fleiri bíla.

Halldór segist vilja byggja hraðbraut út frá Suðurgötunni í vesturbæ Reykjavíkur yfir Skerjafjörðinn og út á Álftanes, til að taka við bílaumferð af Kópavogs-, Hafnarfjarðar- og Álftanessvæðinu.

Spennandi? Það er eftir því frá hvaða sjónarhóli málið er skoðað. Hafnfirðingar og einhverjir Suðurnesjamenn kunna að hrífast af þessum hugmyndum. Varla Álftnesingar og alls ekki Vesturbæingar í Reykjavík. Alla vega ekki þeir sem búa við Suðurgötuna, Ægissíðuna, Hagana þar uppaf eða í Skerjafirði. Þarna þekki ég nokkuð vel til. Mér heyrist Halldór Halldórsson ekki sópa að Sjálfstæðisflokknum atkvæðum á þessu svæði með tillögum sínum. Er hann ekki örugglega í framboði í Reykjavík?

www.ogmundur.is
Ögmundur Jónasson

Enginn grætur útlending

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Útlendingar sem vilja setjast að hér á landi þurfa að sanna að þeir geti með engu móti verið nokkurs staðar annars staðar í heiminum. Sjálfkrafa virðist litið á það sem glæpsamlegt afhæfi að sækjast eftir búsetu hér. Fái fólk allra náðarsamlegast að búa hér skal það læra íslensku undireins, svo að öruggt sé að við skiljum allt sem það segir; það „aðlagist“ fremur en að vera það sjálft og auðga þannig samfélagið nýjum einkennum. Og helst þarf viðkomandi að sýna fram á að vera góðmenni, rétt eins og mannréttindi séu verðlaun fyrir góða hegðun.

Vantar ekki bara góðmenni

Samt vantar hér alls konar fólk, og ekkert endilega bara góðmenni. Skortur er á vinnuafli á ótal sviðum, og menningarlega þarf samfélagið á meiri fjölbreytni að halda – hvenær fáum við til dæmis fyrstu innflytjendaskáldsöguna?

Í grunninn er íslenskt samfélag innflytjendasamfélag; fólk kom úr ýmsum áttum og blandaðast, aðlagaðist – og mótaði. Eða þreifst ekki.

Það höfðar til ákveðinnar tegundar af fólki að búa hér á fjarlægri eyju úti í ballarhafi þar sem vetrarmyrkrin ríkja mánuðum saman – þumbaraháttur og dumbungur – og alltaf rok – og reynir þar svo sannarlega á einstaklingsbundna eiginleika og ekki á hvers mann færi að lifa hér.

Híma í einagrun

Hér er sem sagt komið illa fram við þá sem sækjast eftir landvistarleyfi, þeir eru látnir híma eins lengi og hægt er í einangrun og iðjuleysi og allt gert til að fá þá til að skipta um skoðun á því samfélagi sem þeir vilja tilheyra: hugsa: Nei hér er vont fólk, vont að vera. Þannig er um Tono Omos sem hingað kom frá Nígeríu og veit ekki sitt rjúkandi ráð eftir samskiptin við íslensk yfirvöld.

Böndin berast að ráðgjöfum

Einhver hafði fyrir því að taka saman minnisblað um hann og senda síðan til valinna fjölmiðla í því skyni að hafa áhrif á almenningsálitið í tengslum við brottvísun hans úr landi og réttlæta hana. Eðlilegt er að blaðamenn neiti að gefa upp heimildarmenn sína en hitt er líka eðlilegt: að böndin berist að pólískum ráðgjöfum innanríkisráðherra.

Minnisblað um einkalíf

Í þessu minnisblaði var fjallað um einkalíf Tonys og væntanlegrar barnsmóður. Nafn hans er tengt við mansal, sem er býsna alvarlegur áburður, en fram hefur komið að fallið hafi verið frá ákærum og ekki annað að skilja en að þær hafi verið tilhæfulausar. Þetta er glannalegt athæfi, ætlað til þess að sannfæra okkur um að viðkomandi maður sé réttrækur – þetta sé glæpamaður, illmenni.

➜ Hafi ætlunin með lekanum verið að snúa almenningsálitinu gegn þessum manni hefur það ekki tekist, og spjótin standa nú á innanríkisráðherra. Síðan hefur þetta mál þróast upp í gamalkunnugt pex um það hver var dónalegur við hvern í síma þar sem valdafólk reynir að koma sér fyrir í fórnarlambshlutverkinu sem hér hefur löngum þótt vænleg vígstaða.

Atlaga úr launsátri

Það höfum við ekki hugmynd um heldur bara hitt: hann hefur verið borinn sökum opinberlega sem ekki virðast styðjast við annað en söguburð. Gerð hefur verið atlaga úr launsátri að mannorði hans og ekki vitað hvaða dilk það mun draga á eftir sér fyrir hann. Og aðra. Hafi ætlunin með lekanum verið að snúa almenningsálitinu gegn þessum manni hefur það ekki tekist, og spjótin standa nú á innanríkisráðherra. Síðan hefur þetta mál þróast upp í gamalkunnugt pex um það hver var dónalegur við hvern í síma þar sem valdafólk reynir að koma sér fyrir í fórnarlambshlutverkinu sem hér hefur löngum þótt vænleg vígstaða. Og Tony Omos gleymist. Sjálft fórnarlambið hér. Og enginn grætur útlending.

RÁÐSTEFNA SAMTAKA ATVINNULÍFSINS
OG FESTU - miðstöðvar um samfélagsábyrgð

Sameiginlegur ávinningur:
Sex sögur um samfélagsábyrgð

TÍMI: 23. jan. kl. 8.30 – 10.00
STAÐUR: Hilton Reykjavik Nordica
Fylgstu með á Twitter og Facebook #samfelagsabyrgd
SKRÁNING: www.festasamfelagsabyrgd.is

SÖGUR AF FYRIRTÆKJUM

Rannveig Rist, *forstjóri*
Rio Tinto Alcan á Íslandi

Steinþór Pálsson,
bankastjóri Landsbankans

Sævar Freyr Þráinsson,
forstjóri Símans

Kristján Gunnarsson,
meðeigandi Kosmos og Kaos

Hörður Arnarsson,
forstjóri Landsvirkjunar

Hulda Hreiðarsdóttir,
stofnandi og yfirhönnuður Fafu

FUNDARSTJÓRI: **Kristrún Heimisdóttir,**
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

FESTA
Miðstöð um samfélagsábyrgð
Icelandic center for CSR

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

MERKISATBURÐIR

1936 Játvarður VIII verður Bretlandskonungur.

1921 Fyrsta stjórnarskrá Tyrklands er samþykkt.

1937 Franklin D. Roosevelt tekur við embætti forseta Bandaríkjanna í annað sinn.

1942 Wannsee-ráðstefnan um „endanlega lausn gyðingavandamálsins“ fer fram í Berlín.

1944 Flugsveit breska hersins sleppir 2.300 tonnum af sprengjum yfir Berlín í seinni heimsstyrjöld.

1991 Sjaríalög eru sett á í Súdan, sem gera illt verra í borgarastríði milli norður- og suðurhluta landsins.

1993 Bill Clinton tekur við embætti forseta Bandaríkjanna.

1996 Yasser Arafat er kosinn forseti Palestínu.

2001 George W. Bush tekur við embætti forseta Bandaríkjanna.

2009 Barack Obama tekur við embætti sem 44. forseti Bandaríkjanna.

2009 Fyrsti dagur búsáhaldabyltingarinnar.

SAGNFRÆÐINGURINN Guðjón ætlar að miðla fróðleik um þá sögu sem rakin er í tveimur bindum um Kaupmannahöfn sem höfuðborg Íslands.

Kunnáttan kom frá Danmörku

Á fræðslufundi Minja og sögu í Þjóðminjasafninu á morgun ætlar Guðjón Friðriksson sagnfræðingur að ræða um Kaupmannahöfn sem höfuðborg Íslands.

„Ég ætla að taka fyrir tvö atriði sem segja má að séu nýjungar í söguskoðun,“ segir Guðjón Friðriksson sagnfræðingur um erindi sitt á fræðslufundi Minja og sögu klukkan 17 á morgun þar sem hann fjallar um tilurð og efni bókanna Kaupmannahöfn sem höfuðborg Íslands, eftir hann og Jón Þ. Þór sagnfræðing.

Dönsku kaupmennirnir og einokunarverslunin verður fyrra umræðuefni Guðjóns. Hann segir ítök hollenskra og þýskra kaupmanna hafa verið mun meiri hér en áður hafi fram komið. „Danakonungur var svo háður lánardrottnum, sérstaklega í Amsterdam og Hamborg, útaf alls konar stríðsrekstri, að hann neyddist til að láta þá hafa meiri ítök í Íslandsversluninni en hann hefði kosið. Oft voru því dönsku kaupmennirnir hér bara leppar hollenskra og þýskra aðila, sérstaklega á það við um 17. öldina þegar þessi Íslandsverslun stóð með hvað mestum blóma,“ upplýsir hann. Hann segir til dæmis markaðinn fyrir íslenska skreið, sem var aðalútflutningsvara Íslendinga, hafa verið mestan í Hamborg. „Þar var skreiðinni skipað upp og þaðan var hún flutt suður í Evrópu,“ upplýsir hann.

Guðjón segir ýmsa hópa Íslendinga hafa verið í Kaupmannahöfn fyrr á öldum, umfram þá stúdenta sem alltaf er talað um, til dæmis konur sem fóru þangað til að mennta sig í ýmsum greinum og einnig handverksmenn við nám og störf. „Við vitum um Hallgrím Pétursson sem fór til Danmerkur að læra járnsmíði en þeir voru miklu, miklu fleiri. Í rauninni kemur öll handverkskunnátta okkar frá Danmörku, trésmíði og allt mögulegt,“ segir hann. „Ég leitaði heimilda um iðnaðarmenn sem fóru ýmist í framhaldsnám í Danmörku eða lærðu þar alveg frá upphafi og fann 270 trésmiði á tímabilinu frá 1814 til 1918. Þeir eru örugglega ekki nærri allir upp taldir. Þannig að öll þessi danskættuðu gömlu timburhús hér byggjast á handverki sem er lært í Danmörku.“

Að loknum fyrirlestrinum í Þjóðminjasafninu mun Guðjón svara fyrirspurnum. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis. - gun

DÍSELLA „Þessi æðislega ópera er í raun sagan um litlu hafmeyjuna,“ segir söngdívan Dísella um óperuna Rusölku eftir Dvorák, þar sem hún fer með hlutverk skógardísar. MYND/VILHELM GUNNARSSON

Heppin að fá að deila sviði með Rene Fleming

Dísella Lárusdóttir leikur á móti heimsfrægri óperusöngkonu í uppfærslu Metropolitan-óperunnar á Rusölku eftir Dvorák, sem er byggð á Litlu hafmeyjunni eftir H.C. Andersen.

Hjördís Elín Lárusdóttur, sem er betur þekkt sem Dísella Lárusdóttir, er á æfingu í Metropolitan-óperunni þegar blaðamaður Fréttablaðsins hringir í hana. Hún kveðst vera í fullum skrúða, í grænum búningi með perlum. Hún er um þessar mundir við æfingar á óperunni Rusölku eftir Dvorák. Í aðalhlutverki sýningarinnar er hin heimsfræga óperusöngkona Renée Fleming. „Þessi æðislega ópera er í raun sagan um litlu hafmeyjuna eftir Hans Christian Andersen. Hún endar ekki eins vel og Disney-útgáfan, sækir meira í gamla ævintýrið eftir H.C. Andersen. Rusalka er hafmeyjan sem er flutt af Renée Fleming. Þarna er líka vatnaskrímsli og þrjár skógardísir og ég fer með hlutverk einnar skógardísarinnar.“

Dísella er þakklát fyrir tækifærið til að fá að taka þátt í óperunni. „Nógu stórfenglegt er að fá að syngja á þessu sviði en að fá að deila því með Renée Fleming er ennþá betra! Hún er átrúnaðargoðið mitt. Þetta þýðir auðvitað að fólk sækir í nafnið hennar, sækist eftir að sjá sýningar með henni. Í leiðinni sér það mig sem er mikil auglýsing fyrir mig. Þá er eins gott að klúðra því ekki.“

Dísella segir æfingahraðann á sýningum í óperuhúsinu vera mikinn. „Við byrjuðum að æfa fyrir þremur vikum. Síðan var fyrsta hljómsveitaræfing í gær, forsýning á mánudaginn og frumsýningin næsta fimmtudag.“

Þótt Rusalka sé sýnd í New York gefst Íslendingum kostur á að sjá sýninguna. „Metropolitan-óperan stendur fyrir beinum útsendingum á völdum sýningum um allan heim, þar á meðal á Rusölku þann 8. febrúar. Það verður því hægt að sjá þessa sýningu í beinni útsendingu á Íslandi í Kringlubíói.“ Hún telur að þeir sem hafa áhuga á leikhúsi eða sviðsetningu gætu haft áhuga á sýningunni. „Það hafa kannski ekki allir áhuga á óperu en settið er mjög fallegt. Þetta er ævintýraleg sýning.“

Dísella hefur verið viðloðandi Bandaríkin síðustu ár og nú er hún búsett í Harlem í New York. „Ég er sjaldan í frí, en þegar ég er í frí er auðvitað gaman að líta í kringum sig í borginni. Ég bý í Harlem sem hefur verið í mikilli uppbyggingu, frábært hverfi sem er aðeins í tuttugu mínútna fjarlægð frá vinnunni, en það er hins vegar alræmd dópgata við hliðina á okkur. Okkur var sagt þegar við fluttum hingað: „Hvað sem þið gerið, ekki fara niður þessa götu,“ þannig að við sleppum því bara, annars fínt hverfi.“

Dísella er alltaf með annan fótinn á Íslandi. „Ég segi aldrei að ég búi í New York þótt ég sé að vinna hér. Ég á íbúð heima og planið er alltaf að vera meira þar en það er erfitt að plana hlutina fyrirfram í þessu söngvaralífi. Það er reyndar búið að vera ansi stabílt í ár. Ég sé fram á að geta verið meira heima á næsta ári en það er ekki alveg komið á hreint.“

ugla@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 20. JANÚAR 2009

Upphafsdagur búsáhaldabyltingarinnar

Þúsundir manna söfnuðust saman í mótmælum við Alþingishúsið við upphaf fyrsta þingfundar ársins 2009. Barið var á potta og pönnur, og af því er nafn búsáhaldabyltingarinnar dregið.
Miðað er við þennan dag sem upphafsdag búsáhaldabyltingarinnar. Vikulegir og stundum daglegir mótmælafundir höfðu þó farið fram á Austurvelli frá því í október 2008. Þess var krafist að ríkisstjórnin segði af sér og að gengið yrði til nýrra alþingiskosninga. Lögreglan beitti piparúða og kylfum gegn mótmælendum og sakaði þá um að kasta steinum að lögreglumönnum og Alþingishúsinu. Nokkrir mótmælendur voru handteknir, og einhverjir slösuðust. Um kvöldið var kveikt í bálkesti við Austurvöll.

Mótmælin héldu áfram næstu daga á eftir. Veist var að bíl forsætisráðherra daginn eftir og tæpri viku síðar, mánudaginn 26. janúar, tilkynnti Geir H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra, afsögn sína og stjórnarslit.

Kveikt var bál á Austurvelli og lögreglan beitti kylfum gegn mótmælendum. MYND/ANTON BRINK

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

SIGURÐUR FLOSA Í HÖRPU

Saxófónleikarinn Sigurður Flosason heldur upp á 50 ára afmæli sitt með hátíðartónleikum í Norðurljósasal Hörpu á miðvikudag, 22. janúar kl. 20, en þann dag kemur út nýr geisladiskur með ellefu lögum eftir hann. Á tónleikunum verða góðir gestir.

ÁRATUGA REYNSLA Hreinsandi efh. hefur djúphreinsað húsgögn í þrjátíu ár og býr yfir fullkomnum tækjabúnaði til hreinsunar og lykteyðingar að Eldshöfða 1. MYND/STEFÁN

VERÐA EINS OG NÝ

HREINSANDI EHF. KYNNIR *Hreinsandi sérhæfir sig í djúphreinsun á húsgögnum. Frábær vinnuaðstaða og fullkominn tækjabúnaður á staðnum.*

Okkar fag er djúphreinsun á húsgögnum. Við hreinsum sófa og stóla, mottur, teppi, rúm og önnur húsgögn, bæði fyrir heimili og fyrirtæki," segir Daníel M. Einarsson, framkvæmdastjóri Hreinsanda ehf. við Eldshöfða 1.

Öll hreinsun á húsgögnum fer fram í húsnæði Hreinsanda við Eldshöfða 1 sem er með fullkomnum tækjabúnaði til djúphreinsunar og lykteyðingar. Hreinsandi notar efni frá KEMI. Húsgögnin eru sótt heim og send, sé þess óskað.

Daníel segir Hreinsanda í raun eina fyrirtækið á markaðnum sem bjóði upp á víðtæka þjónustu sem þessa í hreinsun húsgagna.

„Það er ekki sambærilegt að láta hreinsa húsgögn heima í stofu þar sem áklæði er gegnbleytt með efnum og sófinn svo látinn þorna í stofunni um einhvern tíma. Þegar hann loksins þornar koma jafnvel í ljós taumar og blettir sem ekki náðust úr. Hjá okkur fara húsgögnin í gegnum ákveðið ferli, fyrst í ryksugun og þar á eftir í gegnum djúphreinsun og síðast þurrkun. Ef óhreinindin koma í gegnum áklæðið að þessu loknu, fer húsgagnið aftur í gegnum djúphreinsunina og svo þurrkun. Þetta getur tekið þrjá til fimm daga og þá fær viðskiptavinurinn sófann hreinan og þurran heim."

Daníel segir Hreinsanda ná nánast hvaða óhreinindum sem er úr áklæði og leðri og beiti við það aðferðum sem byggjast á áratugareynslu. Fyrirtækið hefur annast hreinsun búslóða og heimila eftir brunatjón í þrjátíu ár og býr yfir tækni sem eyðir allri lykt og drepur niður sveppagró svo eitthvað sé nefnt.

„Við hreinsum húsgögn sem lent hafa í myglusveppi í sérstökum ozon-klefa. Ozon-meðferðin drepur einnig rykmaura í rúmdýnum og eyðir lykt, svo sem reykingalykt. Við eyðum einnig vondri lykt úr híbýlum fólks og bílum með ensímreykvélum þar sem ákveðin ensím brjóta niður lyktina í andrúmsloftinu svo það verður hreint og ferskt. Fagaðilar mæla með okkur," segir Daníel.

Hann segir húsgögnin verða eins og ný eftir meðferð Hreinsanda. „Viðskiptavinir hafa jafnvel ekki þekkt húsgögnin fyrir þau sömu þegar þau koma úr hreinsun."

Nánari upplýsingar á www.hreinsandi.is



EINS OG NÝ Húsgögnin fara fyrst í gegnum ryksugun, þá djúphreinsun og svo þurrkun. Ef óhreinindin hafa ekki náðst úr fer húsgagnið aftur í gegnum djúphreinsun og þurrkun.

NÁTTBLINDA

BELLAVISTA náttúrulegt efni fyrir augun, ríkt af lúteini og bláberjum
www.gengurvel.is
Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
Bryndís Hauksdóttir, bryndis@365.is, s. 512 5434
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Kolbeinn Kolbeinsson, kolli@365.is, s. 512-5447

ÚTSALA
allt á afslátt
30%
Tónlist.is

Verð frá 7990
Hljóðlátar VIFTUR í shúsið
viftur.is
Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur, græn gata

Jafnvægi líkama og sál!
Öll kínvesk leikfimi
• Heilsu Qi Gong 5000 ára tækni
• Heilsubætandi Tai chi
• Hugræn teigjuleikfimi
• Kung Fu fyrir 4 ára og eldri
Einkatímar og hópatímar
Fullt af tilboðum í gangi
Fyrir alla aldurshópa
HEILSU DREKINN
Í samstafi við Kínveskan íþrótta háskóla
Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekinn.is

VERÐMÆTI Í LJÓTU DÓTI

HUGMYNDARÍKUR KENNARI *Anna Rakel Aðalsteinsdóttir kennir unglingum í Ingunnarskóla að endurnýta hluti sem eru orðnir gamlir og þreyttir.*

Anna Rakel Aðalsteinsdóttir kennari er uppfull af skemmtilegum hugmyndum fyrir heimilið og hefur breytt og bætt húsgögn og fegrað eigið heimili á skemmtilegan hátt. „Ég gerði nýlega grafískt mynstur á vegginn heima sem kom skemmtilega út. Ég hef líka verið að bólstra sessur, mála skápa og stóla, búa til skartgripi og margt fleira. Núna er ég líka með hugmynd um að mála stofuborðið mitt með steypu- eða sementsmálningu af því ég er komin með smá leiða á því," segir Anna Rakel.

Anna er kennari í Ingunnarskóla og kennir þar í annað sinn valnámskeið sem kallast Endurnýting og hönnun. „Ég fékk hugmyndina að þessu námskeiði þegar ég var í fæðingarorlofi. Það er svo margt sem er hægt að gera og búa til en fólk heldur að það sé miklu meira mál en það er. Margir veigra sér til dæmis við að taka upp málningardollu og mála dót sem er orðið gamalt og þreytt og henda því frekar. Mig langaði að sýna krökkunum fram á að það er auðveldara en maður heldur að breyta og bæta. Að kenna þeim að það felast verðmæti í hlutum þó þeir séu orðnir gamlir og ljótir, þá er bara hægt að laga þá."

Margt skemmtilegt varð til á námskeiðinu sem Anna kenndi á í fyrra og ætla margir nemendur að taka námskeiðið aftur. „Í fyrra fengu nemendurnir svolítið frjálsar hendur með hvað þau gerðu. Við byrjuðum á því að skoða alls kyns sniðugar síður á netinu eins og Pinterest og Ikea-hackers. Þar fengu krakkarnir hugmyndir sem þau þróuðu svo áfram. Þetta heppnaðist mjög vel og alls kyns hlutir sem komu út úr þessu eins og standar fyrir i-phone og eldflaugapallur," segir Anna og hlær en nokkrir strákar smíðuðu pall og skutu vatnsflösku á loft. „Þeir voru mjög áhugasamir um þetta og þetta var skemmtilegt og lærdómsríkt fyrir mig líka. Núna ætla ég að láta alla byrja á því að gera sama verkefnið, líklega læt ég þau breyta hitaplatta úr korki í klukkur."

Anna hvetur fólk til þess að framkvæma hugmyndirnar sínar. „Það er um að gera ef fólki dettur eitthvað sniðugt í hug að gera það þó það sé ekki endilega planið að eiga hlutinn eða nota."



LISTRÆN Anna Rakel á fallegt heimili sem henni finnst gaman að fegra og skreyta. Hún er menntaður myndlistarkennari og gerði sjálf grafíska listaverkið á veggnum. MYND/VALLI

FALLEGT SKART Anna Rakel er flink í höndunum og hefur gert mikið af fallegum skartgripum.

FLÍSAR...TEPPI...PARKET...DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI...PARKET

ÚTSALA
Þúsundir fermetra af flísum með 20 -70% afslætti
Baðherbergisvörur 20 -70% afsláttur
Teppi og dúkar 25-70% afsláttur
ÁLFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755
PARKET...DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI...PARKET...DÚKAR...FLÍSAR.

GLUGGAR & GLER

Listaverk Tiffany

Steinda glugga frá Tiffany má finna víða um heim. Margir eru sannkölluð listaverk. **SÍÐA 2**

Einangrunargler frá Glerborg

Miklu máli skiptir að gler í gluggum hafi góða einangrun. Hún heldur hitanum inni og lækkar upphitunarkostnað. **SÍÐA 2**

Marglit listaverk Tiffany

Tiffany er hvað þekktast fyrir lampa sína og loftljós úr litríku steindu gleri en margir gripanna eru hrein listaverk. Listaverk Tiffany eru þó fleiri enda má finna glæsilega steinda glugga frá fyrirtækinu víða um heim.

Upphafsmaður Tiffany var Bandaríkjamaðurinn Louis Comfort Tiffany (1848–1933). Hann var sonur Charles Lewis Tiffany (1812–1902), sem stofnaði hið víðfræga skartgripafyrirtæki Tiffany & Co. Louis C. var listamaður og hönnuður sem vann flest undir listastefnunni Art nouveau.

Árið 1865 ferðaðist Tiffany, sem á þeim tíma starfaði sem innanhússhönnuður, til Evrópu og í London heimsótti hann Viktoríu og Albertssafnið. Þar heillaðist hann af safni rómverskra og sýrlenskra glerverka. Hann dáðist að litablöndun glerverkanna og var viss um að hægt væri að bæta nútíma gler til muna.

Louis C. stofnaði Tiffany Studios í New York árið 1878. Hann starfaði með mörgum virtum hönnuðum á borð við Lockwood de Forest, Candace Wheeler, Clara Driscoll og Samuel Colman. Nýstárlegar aðferðir hans við framleiðslu og hönnun litaðs glers vöktu mikla athygli. Verk hans urðu þekkt um allan heim og þykja enn í dag afar eftirsóknarverð.

Tiffany Studios var starfrækt til ársins 1933. Í dag eru til fyrirtæki sem sérhæfa sig í að endurskapa hönnun Tiffany, sum með sömu aðferðum og handverksmenn notuðu á sínum tíma hjá Tiffany Studios.

Tiffany Studios var einna tekktast fyrir lampa og ljósakrónur úr steinduðu gleri.

Aðferðir og hönnun Louis C. Tiffany við gerð steindra glugga vöktu mikla athygli.

Hluti af glugga eftir Tiffany sem finna má í aðalstöðvum Rauða krossins í Washington-borg.

Gluggi í Sáttmálakirkjunni, „Church of the Covenant", í Boston í Bandaríkjunum.

Steindur gluggi úr smiðju Tiffany í St. Paul-biskupakirkjunni í Troy í New York-ríki. Glugginn er frá því um 1890.

NORDICPHOTOS/GETTY

Glerslípun og speglagerð og Glerborg sameinast í eitt fyrirtæki

Nýir og traustir eigendur Glerborgar hugsa fyrst og fremst um stöðugleika, gæði og faglega þjónustu. Sérsvið fyrirtækisins liggur ekki síst í einangrunargleri og plastgluggum en fyrirtækið er í sérflokki hérlendis þegar kemur að þeim vörum.

Bæði félögin eru rótgróin glerfyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, Glerborg fagnaði 40 ára afmæli á síðasta ári og Glerslípun og speglagerð er elsta glerfyrirtæki landsins, stofnað 1922. Á vormánuðum koma fyrirtækin til með að sameinast undir einu þaki í glæsilegu húsnæði í Mörkinni í Reykjavík. Með sameiningu verður hægt að þjónusta núverandi og nýja viðskiptavini enn betur. Glerborg býður í dag upp á fjölbreytt vöruúrval á sviði glugga, glerja, spegla og hurða. Rúnar Árnason, framkvæmdastjóri Glerborgar, telur framtíð íslensks byggingariðnaðar bjarta og tekur áskoruninni fagnandi að uppfylla þá þörf sem nú hefur myndast á þeim markaði. Að sögn Rúnars liggur sérsvið fyrirtækisins ekki síst í einangrunargleri og plastgluggum en fyrirtækið er í sérflokki hérlendis þegar kemur að þeim vörum. „Einangrunarglerið okkar er framleitt í verksmiðjum okkar erlendis. Þar notum við glænýjan og fullkominn vélbúnað og náum þannig að bjóða Íslendingum upp á bestu mögulegu gæði sem völ er á."

Climaplus-glerið frá Glerborg er sérvalið flotgler með þunna silfurblandaða en litlausa húð öðrum megin rúðunnar. „Þessi einangrunarhúð hefur tvöfalda virkni. Þannig kemst orku- og ljósflæði óskert inn en útstreymi hitans er um leið haldið í algjöru lágmarki. Með þessu eykst einangrunargildi glersins um nær 50% án þess að gegnsæi þess minnki. Upphitunarkostnaður heimila lækkar mikið með notkun slíkra glerja."

Rúnar leggur mikla áherslu á þann sparnað sem hlýst af réttum glerjum í gluggum. „Það getur sparað venjulegu heimili tugi þúsunda á hverju ári. Þótt vissulega kosti fjármuni að skipta um gler er það fljótt að borga sig upp. Varlega áætlað geta heimili sparað sér um 50.000 kr. árlega með notkun réttra glerja sem einangra vel. Því tekur ekki mörg ár að greiða glerin upp og næstu ár á eftir eru bara í plús."

Ódýrt, vandað og viðhaldsfrítt

Glerborg býður líka upp á viðhaldsfría og vandaða PVC-u plastglugga sem hafa hitt í mark víða um land að sögn Rúnars. „Helsti kostur glugganna er auðvitað að þeir eru viðhaldsfríir. Ekki þarf að mála þá og þeir líta alltaf út eins og nýir. Það hefur orðið mikil framför undanfarin ár í plastgluggum og í dag eru þeir orðnir ótrúlega vandaðir og fallegir. Raunar líta þeir út alveg eins og gömlu timburgluggarnir nema þá þarf ekki að mála á 3 ára fresti." Það er vinsælt að þurfa ekki að breyta ásýnd hússins við gluggaskipti.

PVC-u-gluggarnir eru með með galvaníseruðum stálkjarna og hafa lamir með opnunaröryggi og læsingum. Gasfyllt Climaplus einangrunargler er í öllum rúðum sem gefur aukna einangrun gegn hitatapi. „Þessir gluggar eru byggðir upp til að líta út eins og hefðbundnir timburgluggar þar sem stærðir í prófíl eru nánast eins og lausafög inni í rammanum en ekki yfirfelld." Fjöldi lita er í boði og er afgreiðslutíminn fjórar til sex vikur.

Nýjustu verkefnin

Glerborg hefur komið að fjölda stórra verkefna undanfarið ár. Þar má meðal annars nefna Hljómahöllina í Reykjanesbæ þar sem fyrirtækið setti upp glerveggi og hurðir ásamt aðgangsstýrðum álhurðum og gluggum. „Einnig má nefna Vogaskóla í Reykjavík en þar vorum við eina fyrirtækið sem leitað var til sem gat boðið hert öryggisgler fyrir skólann í umbeðnum stærðum. Hvert gler var um átta fermetrar að stærð. Við lendum reglulega í því að útvega sérlausnir fyrir ýmsa verktaka þegar þeir rekast á veggi og þurfa hjálp."

Allar nánari upplýsingar má finna á www.glerborg.is.

Helsti kostur plastglugganna er að þeir líta út eins og hefðbundnir timburgluggar.

MYND/ÚR EINKASAFNI

heimili FASTEIGNASALA

Bogi Pétursson lögg.fasteignasali | Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali | Gústaf Adolf Björnsson lögg. fasteignasali | Stefán Már Stefánsson sölufulltrúi | Erla Dröfn Magnúsdóttir lögfræðingur | Ásdís Írena Sigurðardóttir skjalagerð

11 ára heimilsvinur

Finndu okkur á Facebook

530 6500 Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

Auður Kristinsdóttir
Löggiltur fasteignasali

Hringbraut 50, Hafnarfirði - 2ja íbúða hús
með stórum bílskúr/verkstæði í hjarta Hafnarfjarðar

Íbúð á mið og efstu hæð er samtals 224 fm með 3-4 stofur og arinn, 3-4 svefnherbergi, baðherbergi & snyrtingu. Íbúð á neðstu hæð er 4ra herbergja 97 fm. Samtals þrennar svalir og tvær sólstofur. Gróðurhús. Bílskúr er frístandandi, 90 fm, með snyrtingu og hefur verið notaður sem verkstæði. 3 bílastæði við íbúðarhúsið og 2 við bílskúrinn. Tvö fastanúmer.
Alls 412 fm - Áhvílandi 66,5 m - Verð 79,9 m

Vegna mikillar sölu vantar eignir á skrá!

Sími 824 7772
audur@fasteignasalan.is
Auður Kristinsdóttir

Vissir þú að... börn eiga rétt á nægum svefni

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Falleg íbúð á Snorrabraut

Fold fasteignasala kynnir: Björt og falleg 3ja herbergja íbúð á 5. hæð við Snorrabraut fyrir 55 ára og eldri.

Íbúðin sem er rúmleg 90 fm er á fimmtu hæð. Þar er gott anddyri, fataskápur og parket á gólfi. Eldhúsið er með hvítri beykiinnréttingu. Stofan er parketlögð en út af henni eru svalir í austur með frábæru útsýni.

Tvö svefnherbergi með parketi og skápum. Baðherbergi flísalagt með sturtu og dúk á gólfi og tengi fyrir þvottavél. Rúmgóð geymsla innan íbúðar. Sameiginlegt þvottahús á jarðhæð með vélum.

Öryggismyndavél tengd við dyrasíma. Sameign er vel um gengin og snyrtileg, aukasvalir í suður frá gangi. Húsvörður er í húsinu.

Húsið er á góðum stað, nálægt Sundhöllinni og Droplaugarstöðum. Íbúðin er falleg í vönduðu húsi.

Íbúðin er á fimmtu hæð í fjölbýli sem er ætlað fyrir 55 ára og eldri.

Upplýsingar hjá Fold fasteignasölu, Laugavegi 170, sími 552-1400. Þjónustusími eftir lokun: 694-1401

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Skólagerði 62 - 200 Kópavogur

163,3 m2 – fjölskylduvænt 4ja herbergja parhús á frábærum stað við Skólagerði 62 í vesturbæ Kópavogs. Frábær staðsetning, stutt í alla þjónustu, stór garður til suðurs ásamt hellulögðum bakgarði með miklum stækkunarmöguleikum á fasteigninni. **V. 39,9 m.**

Ólafsgeisli 101 - 113 Reykjavík

Mjög glæsilegt 232,6 m2 einbýlishús á tveimur hæðum við Ólafsgeisla 101 í Grafarholtinu. Húsið sem stendur ofan við götu er með glæsilegu útsýni. Gólfeni eru aðallega ljós marmari og eikarparket. Lóðin er hellulögð og með sjávargrjóti að framanverðu og náttúrulegri lóð að baka til. Heitur pottur, ásamt skjólgirðingu. Húsið stendur innarlega í götu við botnlanga rétt við golfvöllinn í Grafarholti. **V. 68,3 m.**

Hulduborgir 1 - 112 Reykjavík

Falleg og vel skipulögð 97,9 m2, 4ra herbergja endaíbúð með sérinngangi á 2. hæð, ásamt 31,3 m2 bílskúr við Hulduborgir 1 í Grafarvogi. Glæsilegt útsýni. **V. 32,9 m.**

Barónsstígur 5 - 101 Reykjavík

127,2 m2 skrifstofuhúsnæði á 2. hæð við Barónsstíg 5 í Reykjavík. Um er að ræða 125,5 m2 skrifstofuhúsnæði á 2. hæð sem skiptist í 5 skrifstofur, fundarherbergi, kaffistofu og gang, ásamt salerni á gangi. Eigninni fylgir bílastæði á lóð. **V. 23,1 m.**

Lækjarás 8 -210 Garðabær

178 m2 einbýlishús á 2. hæðum, ásamt 38,7 m2 bílskúr við Lækjarás 8 í Garðabæ. Eignin er laus til afhendingar strax. **V. 47,9 m.**

Skuggabakki - 270 Mosfellsbær

Til sölu: 50% eignarhlut, í 10 hesta húsi, með plássi fyrir 5 hesta í þremur rúmgóðum stíum ásamt hluta úr sameign. Í húsinu er góð kaffistofa með innréttingu, borðkrók og hnakkageymslu og góð hlaða. **V. 4,4 m.**

Ásholt 3 - 270 Mosfellsbær

Mjög glæsilegt 321,8 einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð í kjallara við Ásholt 3 í Mosfellsbæ. Lóðin er sérlega glæsileg með miklum trjágróðri og 28 m2 sólskála með heitum potti. **V. 61,7 m.**

Stórikriki - 270 Mosfellsbær

Um 200 m2 einbýlishús í byggingu á fallegri jaðarlóð við Stórakrika 31 í Mosfellsbæ. Einstök staðsetning - Stór jaðarlóð með suðurgarði - Stórglæsileg og vandlega hannað einbýlishús á einni hæð. Húsið afhendist fullbúið að utan. Að innan skilast húsið fokhelt. Eignin verður tilbúinn til afhendingar í febrúar 2014. **V. 42,5 m.**

Klapparhlíð 7 - 270 Mosfellsbær

Falleg 79,7 m2, 3ja herbergja íbúð með sérinngangi og timburverönd á jarðhæð í 3ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir sérgeymsla í sameign. Frábær staðsetning í vinsælu hverfi í Mosfellsbæ. **V. 26,7 m.**

Þrastarhöfði 11 - 270 Mosfellsbær

Opið hús þriðjudaginn 21. janúar frá kl. 17:00 til 17:30

Falleg 185,6 m2 raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr við Þrastarhöfða 11 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í fimm svefnherbergi, baðherbergi, gestasalerni, þvottahús, forstofu, eldhús, stofu og bílskúr. Hellulagt bílastæði og timburverönd í suður. Frábær staðsetning. **V. 46,5 m.**

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Guðmundur H. Steinþórsson
Lögg. fasteignasali
gs@fastmark.is

Elías Haraldsson
Lögg. fasteignasali
elias@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Sölumaður
gisli@fastmark.is

Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Úthlíð 3 - Reykjavík. 6 herbergja neðri sérhæð.

OPIÐ HÚS Á MORGUN, ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17.30-18.00

Glæsileg 6 herbergja 152,5 fm. neðri sérhæð í góðu fjórbýlishúsi í Hlíðunum auk sér geymslu í kjallara og bílskúrsréttar. Stórar samliggjandi skiptanlegar stofur með fallegum útbyggðum glugga. Fjögur herbergi. Flísalagt baðherbergi auk gestasalernis. Svalir til austurs út af hjónaherbergi. Húsið var málað og viðgert árið 2011.

Verð 48,5 millj.

Eignin verður til sýnis á morgun.
Verið velkomin.

Gullsmári 3- Kópavogi. 4ra herbergja íbúð.

OPIÐ HÚS Á MORGUN, ÞRIÐJUDAG, FRÁ KL. 17.30-18.00

Mjög fín 94,6 fm. 4ra herbergja íbúð á 2. hæð, miðhæð, í þriggja hæða fjölbýlishúsi, nærri Smáralindinni.

Íbúðin skiptist í forstofu/gang, stofu með útgangi á svalir til suðausturs, opið eldhús, þrjú góð svefnherbergi, öll með skápum og flísalagt baðherbergi. Geymsla innan íbúðar.
Eignin er afar vel staðsett, stutt í verslanir, skóla og heilsugæslu.

Verð 28,9 millj.

Íbúð merkt 0201.
Verið velkomin.

Eldri borgarar

SKÚLAGATA, REYKJAVÍK. 4RA HERB.

- Glæsileg 139,9 fermetra íbúð á efstu hæð, mikil lofthæð.
- Innangengt í lyftu frá sér bílastæði í bílageymslu.
- Samliggjandi stofur. Sjónvarpsstofa. 2 herbergi.
- Austursvalir. Húsið er allt nýendurnýjað að utan.

44,5 millj.

3JA HERBERGJA

SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR.

- Glæsileg 67,1 fm. íbúð auk 5,3 fm. geymslu.
- Nýlegt lyftuhús neðarlega við Skólavörðustíginn.
- Rúmgóðar hellulagðar suðvestur svalir.
- Frábær staðsetning í miðbænum.

29,9 millj.

4RA- 6 HERBERGJA

HLÍÐARVEGUR- SUÐURHLÍÐAR KÓP.

- Nánast algjörlega endurnýjuð 108,8 fm. 4ra herb. íbúð.
- Nýtt eldhús, baðherbergi og gólfefni.
- Sér inngangur. Stór suður verönd.
- Ný hellulögn fyrir framan hús.

36,9 millj.

SÉRBÝLI

UNDRALAND- REYKJAVÍK.

- Afar vel skipulagt 277,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum.
- Arinstofa. Samliggjandi borð- og setustofa. Sjónvarpsstofa.
- Mögulegt er að hafa allt að 7 svefnherbergi í húsinu.
- Gróinn og skjólsæll staður miðsvæðis í Reykjavík.

75,0 millj.

2JA HERBERGJA

SKELJAGRANDI- REYKJAVÍK.

- 56,2 fm. íbúð á 1. hæð með sérinngangi.
- Suðursvalir. Sér stæði í bílageymslu.
- Stutt í skóla, leikskóla og alla þjónustu.
- Íbúðinni fylgir 11 fm. sér geymsla í kjallara.

22,9 millj.

STIGAHLÍÐ – REYKJAVÍK.

- Góð 80,7 fm 3ja - 4ra herberja íbúð á 1. hæð.
- Rúmgóð stofa og borðstofa. Tvö svefnherbergi.
- Endurnýjað gler og gluggar á austurhlið hússins.
- Svalir til vesturs út af borðstofu.

23,9 millj.

ÞINGHOLTSSTRÆTI. EFRI HÆÐ.

- Glæsileg 98,9 fm. efri hæð á frábærum stað í Þingholtunum.
- Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð á sl. árum.
- Mikil lofthæð og rósettur í loftum. Lökkuð furugólfborð.
- Stórar svalir til suðvesturs.
- Hús nýlega málað að utan.

38,5 millj.

LAUGARÁSVEGUR – REYKJAVÍK.

- 200,0 fm. tvílyft parhús að meðt. 22,2 fm. innb. bílskúr.
- Sofa og borðstofa, aukin lofthæð. Fallegur arinn í stofu.
- Flísalagðar svalir til suðurs. Hellulögð verönd.
- Frábær staðsetning.
- Laust til afhendingar fljótlega.

65,0 millj.

ÖLDUGATA – HAFNARFIRÐI

- 51,4 fm. íbúð í kjallara í eldra steinhúsi.
- Björt stofa með glugga á tvo vegu.
- Falleg og gróin lóð.
- Sérinngangur. Laus til afhendingar strax.

12,9 millj.

LYNGMÓAR -GARÐABÆ. M/BÍLSKÚR.

- Falleg og mikið endurnýjuð 85,7 fm. endaíbúð á 3. hæð.
- Íbúðin var endurnýjuð að innan árin 2007-2008.
- Nýtt baðherbergi, eldhús og gólfefni.
- Frábært útsýni. Svalir til suðvesturs.

33,9 millj.

ÁLFTAHÓLAR – 4RA HERBERGJA.

- Góð 108,6 fm. íbúð á 4. hæð að meðt. geymslu í kjallara.
- Rúmgóð stofa með útgangi á suðursvalir.
- Þrjú herbergi. Lyfta.
- Íbúðinni fylgir 29,6 fermetra bílskúr.

25,9 millj.

KÓPAVOGSBARÐ-KÓPAVOGI.

- Glæsilegt og vel hannað 315 fm. parhús á tveimur hæðum.
- Afhendist fullbúin að utan og tæplega tilbúin til innréttinga.
- Veruleg lofthæð og miklir gluggar á efri hæð.
- Svalir til suðurs og verönd til suðurs og vesturs.

69,5 millj.



Hvassaleiti 58

Falleg 75,7 fm. íbúð á 2. hæð í þessu eftirsótta húsi fyrir eldri borgara. Íbúðin er 65,4 fm. og tvær geymslur fylgja. Svalir til suðvesturs út af stofu. Eldhús með góðum borðkrók. Á 2. hæðinni er sameiginleg setustofa og sameiginlegar svalir til austurs. Á jarðhæð hússins er þjónustusel á vegum Reykjavíkurborgar og þar er boðið uppá ýmsa þjónustu t.d. heitan mat í hádeginu, hárgreiðslu, sjúkraþjálfun, hand- og fótsnyrtingu o.fl. Húsið að utan er í góðu ástandi, sameign til fyrirmyndar. **Verð 26,9 millj.**

Víðihlíð – Reykjavík

7	9	6	1	5	2	8	3	4
1	4	3	8	6	7	9	5	2

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS Eftir Frode Øverli

HANDAN VIÐ HORNIÐ Eftir Tony Lopes

BARNALÁN Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

„Mér hefur mistekist aftur og aftur í lífinu og þess vegna skara ég fram úr.“

Michael Jordan

KROSSGÁTA



LÁRÉTT 2. vafra, **6.** spil, **8.** meðal, **9.** framkoma, **11.** tveir eins, **12.** Afspurn, **14.** gistihús, **16.** kvað, **17.** fugl, **18.** skörp brún, **20.** klaki, **21.** pottréttur.

LÓÐRÉTT 1. hæfileika, **3.** málmur, **4.** sumbl, **5.** styrkur, **7.** sammála, **10.** hlóðir, **13.** sóða, **15.** færni, **16.** kirna, **19.** tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. ráfa, **6.** ás, **8.** lyf, **9.** fas, **11.** ll, **12.** umtal, **14.** hótel, **16.** ku, **17.** arí, **18.** egg, **20.** ís, **21.** ragú.

LÓÐRÉTT: 1. gáfu, **3.** ál, **4.** fylleri, **5.** afl, **7.** samhuga, **10.** stó, **13.** ata, **15.** list, **16.** ker, **19.** gg.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Stefán Bergsson (2.122) hafði hvítt gegn Friðgeiri Hólm (1.730) í þriðju umferð Skákþings Reykjavíkur.

Hvítur á leik:

23. Hg8! Svartur gafst upp þar sem hann tapar drottningunni eftir 23. ... Dxg8 24. Re7+. Stefán teflir manna fjörlegast á mótinu. Í gær var afar vel heppnaður stelpuskákdagur haldinn í Skákskólanum.

www.skak.is: Aronian efstur í Wijk aan Zee.

ENNEMM / SÍA / NM60294

> Tökum á því saman

Samskip óska handboltalandsliðinu góðs gengis á EM í Danmörku.

Þeir ná lengst sem sækja fram með samstilltum hætti og fylgja sendingum eftir alla leið. Samskip eru stoltur bakhjarl íslenska handboltalandsliðsins.

Áfram Ísland!

www.samskip.is

samskip

Saman náum við árangri

Víkingur og Brahms

Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands lofar fræðandi og skemmtilegri stund með Víkingi Heiðari Ólafssyni í kvöld í Norðurljósasal Hörpu klukkan 20.

Víkingur Heiðar Ólafsson, píanóleikarinn snjalli, mun fjalla um Píanókonsert númer 1 í d-moll eftir Brahms í kvöld í Norðurljósasal Hörpu. Þann konsert ætlar hann einmitt að flytja ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Cristians Mandeal á tónleikum sveitarinnar í Hörpu 23. og 24. janúar.

Víkingur Heiðar ætlar líka í kvöld að tala almennt um Brahms og helstu einkenni tónsmíða hans, um túlkunarmöguleika í píanókonsertinum og um ferlið við að læra verkið en sjálfur er hann að fara að flytja það í fyrsta sinn opinberlega. Allt fer þetta fram við flygilinn þar sem Víkingur Heiðar mun leika fjölmörg tóndæmi.

Píanókonsert númer 1 í d-moll er fyrsta stóra hljómsveitarverk Brahms, eins konar sinfónía fyrir píanó og hljómsveit. Brahms frumflutti hann aðeins 26 ára gamall.

Allir eru hjartanlega velkomnir á kvöldstundina í Norðurljósum sem Vinafélag Sinfóníuhljómsveitarinnar stendur fyrir. Aðgangur er ókeypis.“

-gun

HÖFUNDUR OG LEIKARI „Oft spunnust skemmtilegar umræður eftir sýningarnar,“ segir Jenný Lára sem sýndi Elsku í Þingeyjarsýslum í desember.

Elska í Reykjavík

Einleikurinn Elska eftir Jennýju Láru Arnórsdóttur verður sýndur klukkan 21 í kvöld og annað kvöld á Café Rósenberg á Klapparstíg 27 í Reykjavík.

Eru einkenni sannrar ástar þau sömu í dag og þau voru um miðbik síðustu aldar? Hafa þau breyst? Eða hefur skilgreining okkar á sannri ást breyst í gegnum tíðina? Hvað hefur breyst? Þannig spyr Jenný Lára Arnórsdóttir í einleiknum Elska sem sýndur verður á Café Rósenberg í kvöld og annað kvöld.

Elska er unnin upp úr sönnum ástarsögum Þingeyinga á okkar dögum því verkið er byggt á viðtölum við pör og einstaklinga á aldrinum 24 til 78 ára sem tekin voru upp síðla árs 2013. Jenný Lára hefur unnið handritið upp úr þeim upptökum og leikurinn er einnig í höndum hennar.

„Elska hlaut afar góðar viðtökur fyrir norðan og oft spunnust skemmtilegar umræður eftir sýningarnar,“ segir Jenný Lára sem að sjálfsögðu svarar einnig spurningum á Rósenberg eftir sýningarnar ef fólk hefur áhuga á.

- gun



ÓRAUNVERULEIKIR Hið ótrúlega birtist áhorfendum á sviðinu aftur og aftur.

MYND/HULDA SIF ÁSMUNDSDÓTTIR

Sjónrænar blekkingar

★★★☆☆

Óraunveruleikir

Danssýning
Kassanum, Þjóðleikhúsinu
Höfundar: Valgerður Rúnarsdóttir, Þyrí Árnadóttir og Urður Hákonardóttir

Það er ekki á hverjum degi sem hlátrasköll heyrast á danssýningu en sú var reyndin á frumsýningunni á verki Valgerðar Rúnarsdóttur, Þyríar Árnadóttur og Urðar Hákonardóttur, Óraunveruleikir. Höfundar buðu áhorfendum inn í óvæntan heim sjónhverfinga að hætti „Black light theatre“, stíls innan leikhússins sem með hjálp útfjólublárra ljósa og neonlitaðra búninga skapar undraveröld innan ramma svarta kassans – Stíls sem sem varð vinsæll á Vesturlöndum á 6. og 7. áratug 20. aldar og má rekja til fjöllistasýninga í Kína til hins forna og hins japanska brúðuleikhústíls Bunraku. Umgjörðin ásamt listrænni færni höfunda og færni flytjenda í látbragði, dans- og akróbatískri tækni skapar undraheima. Í Óraunveruleikum mátti einnig finna keim af verkum Alwins Nikolais frá 6. áratugnum en eftir tilfinningaþrungna áratugi móderndansins, þar sem höfundar eins og Martha Graham tjáðu átök og gleði mannlegrar tilveru í hreyfingum, kom fram kynslóð dansara og danshöfunda sem leit á dans sem hreyfingu og ekkert annað – eða eins og Nikolais setti það fram þá var dans hreyfing á sviði þar sem dansarinn varð eitt með umhverfi sínu og því erfitt að greina hvar líkami og hreyfing dansaranna endaði og hreyfing ljósa, sviðsmyndar og leikmuna tók við.

Efni sýningarinnar var að mestu sjónrænt og höfundar lögðu áherslu á húmoríska framsetningu. Sýningin rann vel frá atriði til atriðis svo úr varð heildstæð mynd þó að hún hefði í sjálfu sér engan sýnilegan rauðan þráð annan en leik að formi. Atriðin voru hvert fyrir sig ágætlega útfærð nema þá helst lokaatriðið sem hefði þurft meiri tíma og nákvæmni.

Höfundar nýttu hæfileika sína vel bæði hvað varðar sköpun og framsetningu. Tónlist Urðar var áhugaverð og féll vel að því sjónræna og söngurinn ljúfur. Hljóðið var þó ekki alltaf hreint. Um hreyfifærni Þyríar og Valgerðar þarf varla að fjölyrða en hún er með þeim hætti að hið ótrúlega birtist áhorfendum á sviðinu aftur og aftur.

Sýningin Óraunveruleikir var ekki hnökralaus en hún var skemmtileg og bar færni aðstandenda sinna gott vitni. Framsetning og efniviður er þess eðlis að það væri óskandi að hún yrði sýnd áfram og þá á sýningartíma sem hentar fjölskyldum því hún á ekki síður erindi við yngri kynslóð leikhúsgesta en þá eldri.

Sesselja G. Magnúsdóttir

NIÐURSTAÐA: Skondin sýning sem höfðað gæti til yngri kynslóða áhorfenda, byggð á leikhúsformi sem varla hefur verið sýnilegt hér á landi áður.

Nicotinell

Viltu gjarnan hætta en getur ekki sleppt sígarettunni alveg?

Ertu einn/ein þeirra fjölmörgu sem gjarnan vill vera reyklaus en getur ekki hafið reykbindindi vegna þess að þig vantar hvatninguna? Ef til vill hefur þú þegar reynt en fallið. Það er reyndar mjög algengt svo þú skalt ekki örvænta!

Minnkaðu smám saman fjölda sígarettna
Ef þér vex í augum að hætta alveg að reykja getur kannski verið auðveldara að draga smám saman úr reykingum þangað til þú verður alveg reyklaus. Það getur fljótt veitt þér tilfinningu um velgengni, vegna þess að það er sigur jafnvel þótt ekki sé dregið nema lítið úr reykingum og það mun verða þér hvatning til að halda áfram þangað til þú verður alveg reyklaus.

Svona verður þú reyklaus með því að draga smám saman úr sígarettunotkun



Haltu áfram að draga smám saman úr daglegum fjölda Nicotinell lyfjatyggigúmmís

Upphaflega: 20 sígarettur á dag

Minnkaðu reykingar smám saman og skiptu hverri sígarettu út fyrir 1 stk. af Nicotinell lyfjatyggigúmmíi

Gerðu áætlun um hvernig þú ætlar að draga úr sígarettunotkun og verða að lokum reyklaus. Fáðu góð ráð í apótekinu.

Nicotinell Spearmint 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Ábendingar: Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Skammtar fyrir fullorðna 18 ára og eldri: Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Mælt er með 4 mg lyfjatyggigúmmíi fyrir einstaklinga með mikla nikótínþörf og fyrir þá sem ekki hefur tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Ef þú reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring má miða við notkun 4 mg, 20-30 sígarettur/sólarhring er miðað við 2 eða 4 mg eftir þörf en ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring er æskilegt að nota 2 mg. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins (4 mg lyfjatyggigúmmí), skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stk við reykingaþörf þar til finnst sterkt bragð. Þá skal láta það hvíla milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mín. Venjuleg notkun er 8-12 stk, þó ekki fleiri en 15 stk af 4 mg og 25 stk af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Meðferðarlengd er einstaklingsbundin en skal í flestum tilfellum standa í a.m.k. 3 mánuði, skal þá draga smám saman úr notkun lyfjatyggigúmmísins. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Venjulega er ekki mælt með notkun lyfsins lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, gætu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgangs lyfjatyggigúmmí þar sem reykingaþörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur aukið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Nota má lyfið til að lengja reyklaus tímabil og draga þannig úr reykingum. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna, reykleysi. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing því ekki er víst að þú megir nota lyfið ef þú: ert á meðgöngu eða með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi eða ef þú ert yngri en 18 ára. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform nikótínlyfja. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol skulu ekki nota lyfið. Athuga ber að lyfið inniheldur natríum og bútýlhýdroxýtólúen (E321). Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfishafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ



SMÁRA BÍÓ 5%

SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 2D	KL. 3.30 - 5.40	L
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 3D	KL. 3.30	L
47 RONIN 3D	KL. 8 - 10.30	12
BELIVE	KL. 3.30 - 5.40	L
LONE SURVIVOR	KL. 8 - 10.35	16
SECRET LIFE OG WALTER MITTY	KL. 5.30 - 8 - 10.30	7
SECRET LIFE OG WALTER MITTY LÚXUS	KL. 8 - 10.30	7
THE HOBBIT 3D 48R	KL. 5.40 - 9	12
THE HOBBIT 3D 48R LÚXUS	KL. 4.30	12
RISAEÐLURNAR 2D ÍSL. TAL	KL. 3.30	7

HÁSKÓLA BÍÓ 5%

VENUS I FELDI	KL. 8	7
EYJAFJALLAJÖKULL	KL. 8	7
ÉG UM MIG OG MÖMMU	KL. 10	12
38 VITNI	KL. 5.50	12
EINN Á BÁTI	KL. 10	L
AÐEINS ÞÚ	KL. 5.50	12
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 2D	KL. 5.40	L
47 RONIN	KL. 8 - 10.30	12
SECRET LIFE OG WALTER MITTY	KL. 5.30 - 8 - 10.30	7

BORGAR BÍÓ NÁNAR Á MIDI.IS

SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 3D	KL. 5:50	L
LONE SURVIVOR	KL. 5:50	16
47 RONIN 3D	KL. 10.15	12
SECRET LIFE OG WALTER MITTY	KL. 8	7
THE HOBBIT 2 3D	KL. 10.15	12

LAUGARÁS BÍÓ

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar	
47 RONIN 3D	8, 10:30	16
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D	6	L
LONE SURVIVOR	8, 10:30	16
HOBBIT 2	5:30, 9	12
SECRET LIFE OF WALTER MITTY	5:30	7

SAMBÍÓIN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

12 YEARS A SLAVE	KL. 5:20 - 8 - 10:40	16
12 YEARS A SLAVE VIP	KL. 5:20 - 8	
AMERICAN HUSTLE	KL. 5:30 - 8:30 - 10:20	12
AMERICAN HUSTLE VIP	KL. 10:40	
WOLF OF WALL STREET	KL. 8:20 - 10:20	16
HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 2D	KL. 7:20	12
ANCHORMAN 2	KL. 8	10
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM Á KÖFLUM 2 ÍSL.TAL 3D	KL. 6	L
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM Á KÖFLUM 2 ÍSL.TAL 2D	KL. 5:20	L
FROSINN ÍSL.TAL 2D	KL. 5:40	L

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

12 YEARS A SLAVE	KL. 5:10 - 8 - 10:50	16
AMERICAN HUSTLE	KL. 5:10 - 8 - 10:50	12
WOLF OF WALL STREET	KL. 5 - 8:30 - 10:20	16
ANCHORMAN 2	KL. 8	10
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM Á KÖFLUM 2 ÍSL.TAL 2D	KL. 5:50	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

12 YEARS A SLAVE	KL. 6 - 9	16
AMERICAN HUSTLE	KL. 6 - 9	12
WOLF OF WALL STREET	KL. 5:40 - 9:10	16

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

12 YEARS A SLAVE	KL. 8	16
LONE SURVIVOR	KL. 10:45	16
47 RONIN	KL. 8	12
AMERICAN HUSTLE	KL. 10:25	12

SAMBÍÓIN AKUREYRI

12 YEARS A SLAVE	KL. 7:15 - 10	16
AMERICAN HUSTLE	KL. 10	12
WOLF OF WALL STREET	KL. 6:30	16
FROSINN ÍSL.TAL 3D	KL. 5	L

SAMbio.is

Staður og stund

BAKÞANKAR
Hauks Viðars Alfreðssonar

Ég er í háværri rokkhljómsveit. Um daginn ætluðum við félagarnir að frumflytja okkar fyrsta rólega lag á tónleikum. Áhorfendur voru rokkþyrstir og í miklu stuði. Þegar röðin kom að laginu sneri ég mér að trommuleikaranum og stakk upp á því lágum rómi að við geymdum það til betri tíma. Tillaga mín var samþykkt og ég tel að rétt ákvörðun hafi verið tekin. Við frumfluttum svo lagið nokkrum vikum seinna á fámennum en góðmennum tónleikum þar sem því var vel tekið.

EFLAUST er það umdeilt að listafólk hagi ákvörðunum sínum eftir stemningu og fyrirfram ákveðnum hugmyndum um viðtökur fjöldans. En tónleikar eru gagnvirkir og lifandi þó efnið sem flutt er sé fyrirfram ákveðið að mestu. Listamaðurinn þarf því að taka ótal ákvarðanir á staðnum sem hafa áhrif á upplifunina. Auðvitað! Annars væri þetta steindautt og þvingað.

LISTAMAÐURINN Björn Bragi tók, að mínu mati og margra, kolranga ákvörðun þegar hann sagði vafasaman og ófyndinn brandara í EM-stofu RÚV í hálfleik Íslendinga og Austurríkismanna á laugardag. Ég segi vafasaman frekar en óafsakanlegan, vegna þess að ég trúi því að við ákveðnar aðstæður væri jafn gróft (eða grófara) grín réttlætanlegt. Aðstæður þar sem Björn getur horft framan í áhorfendur og tekið ákvarðanir út frá viðbrögðum þeirra. Aðstæður þar sem fólk er saman komið til að hlusta á grín og veit að það getur átt von á ýmsu.

Í EM-stofunni sér Björn ekki áhorfendur sína. Hann hefði þó sennilega getað sagt sér það sjálfur á laugardaginn að það væru hreinlega allir að horfa, að ummæli af þessu tagi ættu ekki við og gætu haft slæmar afleiðingar fyrir hann, RÚV og jafnvel íslenska landsliðið. Mun verri en afleiðingar þess að flytja ballöðu fyrir öskrandi rokkhunda.

HANN þurfti þó ekki að gera mikið til að fá fjölmarga aftur á sitt band. Hann baðst afsökunar og gerði það vel. Ekkert „ég biðst afsökunar ef einhver móðgaðist"-þvaður. Bara einlæg afsökunarbeiðni. Það er fallegt og virðingarvert að geta viðurkennt það þegar maður skítur í skóna sína. Þetta veit Björn og þetta veit Ingó Veðurguð. Þess vegna er það svo skrýtið að margir hinna eldri, vitrari og valdameiri hafi aldrei lært það.

Aldarafmæli fagnað með stæl

Skipafélagið Eimskip hélt upp á hundrað ára afmæli sitt í Hörpu á föstudagskvöldið. Mikið var um góða gesti en veislan byrjaði á léttu hanastéli áður en gestum var boðið á tónleika í Eldborg. Meðal söngvara voru Björgvin Halldórsson, Bubbi, KK, Kristjana Stefánsdóttir, Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson. Leikarinn Björn Hlynur Haraldsson var kynnir kvöldsins og fór yfir sögu Eimskipafélagsins á léttu nótunum. Eftir tónleikana var boðið upp á glæsilegar veitingar í Silfurbergi þar sem skeggrætt var fram á nótt.

FORSÆTISRÁÐHERRA OG FRÚ Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Anna Stella Pálsdóttir.

Í FÍLING Björn Jörundur þenur raddböndin og Eyjólfur Kristjánsson dillar sér.

PRJÚ HRESS Gylfi Sigfússon, Steinar Magnússon og Margrét Aðalsteinsdóttir.

MYNDIR/ARNALDUR HALLDÓRSSON

GLAÐBEITT Frosti Sigurjónsson og Ragnheiður Sigurðardóttir.

PÉTTSKIPAÐUR SALUR Stemningin var kynngimögnuð í Eldborg.

BÍÓ★PARADÍS EUROPA CINEMAS



SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



83% heil-korna

Heilkorna

Kornið er nýtt til hins ýtrasta. Ekkert er skilið eftir og öll næringarefnin skila sér á diskinn þinn.

Trefjaríkt

Inniheldur náttúrulegar trefjar sem aðstoða við heilbrigða meltingarstarfsemi.

10 g trefjar í 100 g

17,9 g sykur í 100 g

Sykurminnsta súkkulaðimorgunkornið

Lágmarks sykurmagn miðað við annað sykrað morgunkorn.

Próteinríkt

Prótein eru mikilvæg fyrir uppbyggingu vöðva, styrkja ónæmiskerfið og flytja næringarefni inn og út úr frumum.

10,5 g prótein í 100 g

Bragðgott og meinhollt í morgunsárið

Vítamín og steinefni

Sneisafullt af mikilvægum steinefnum, vítamínum og járni sem nauðsynleg eru starfsemi líkamans.

Flókin kolvetni

Sjá vöðvum líkamans og heilafrumum fyrir orku.

67,9 g kolvetni í 100 g

Prófaðu líka án súkkulaðis!

ORKA SEM ENDIST

Ef þú gerir kröfur um næringarríkt morgunkorn sem er gott á bragðið þá er Weetabix súkkulaði fyrir þig. Njóttu þess að borða morgunverð sem inniheldur 83% heilkorn og er sneisafullur af næringarefnum, trefjum og orku.

PIPAR\TBWA • SÍA • 133723

Arnór Atla gæti komið aftur inn

Þótt Arnór Atlason sé ekki lengur í sextán manna hópi Íslands á EM þá er ekki loku fyrir það skotið að hann muni koma aftur inn í hópinn.

Arnór er enn með liðinu í Herning og er í stífri meðferð hjá sjúkraþjálfurum íslenska liðsins. Hann eyðir mestum tíma á æfingum þó á þrekhjólinu. Hann lét aðeins reyna á meiðslin á æfingunni í dag en er augljóslega ekki orðinn nógu góður. Það er því frekar hæpið að hann geti spilað gegn Makedóníu á morgun.

Ísland á svo leik gegn Dönum á miðvikudag og ef liðinu gengur áfram vel þá á það einnig leik á föstudag. Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari hefur notað tvær leikmannaskiptingar á mótinu og á eina inni.

Aldrei verið eins mikið að gera hjá okkur

HANDBOLTI Sjúkraþjálfararnir Pétur Örn Gunnarsson og Elís Þór Rafnsson hafa haft í nógu að snúast á EM enda mannskapurinn ansi laskaður. „Það hefur aldrei verið svona mikið að gera hjá okkur. Við erum sem betur fer tveir núna og vinnan gengur betur fyrir vikið," segir Pétur Örn en hann hefur verið með landsliðinu síðan á EM árið 2008.

„Dagarnir hjá okkur geta verið langir. Við höfum ekki oft þurft að vinna eftir miðnætti sem betur fer. En við erum mikið að allan daginn. Við fáum frí meðan strákarnir funda en þetta er samt rosalega gaman. Það er ekki hægt að neita því enda strákarnir rosalega skemmtilegir og gaman að vinna með þeim. Þetta er allt þess virði enda erum við ekki hérna út af peningunum. Það er alveg klárt." Pétur Örn er ávallt léttur og hress. Hefur tekið virkan þátt í fótboltanum og síðan verið aukamaður þegar kastað er á milli. „Ég er mikill handboltaáhugamaður þó að ég hafi aldrei æft handbolta. Það er mjög gaman að fá að vera með á þessum æfingum. Ég fékk ekkert að vera með í fótboltanum fyrst og var ekki kátur með það. Ég hafði aldrei kastað handbolta af viti fyrr en núna með Guðjóni Val. Það gengur misjafnlega vel hjá mér," sagði Pétur og hló við. -hbg

MEÐ Í FÓTBOLTANUM Pétur Gunnarsson og Guðjón Valur Sigurðsson í upphitunarboltanum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

AFGREIDDI UNITED Samuel Eto'o skoraði þrjú fyrir Chelsea í gær. MYND/AP

Prenna Eto'o

FÓTBOLTI Samuel Eto'o varð í gær aðeins fjórði leikmaðurinn til að skora þrennu á móti Manchester United en það gerði hann í stórleik helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni þegar hann skoraði öll mörk Chelsea í 3-1 sigri á Manchester United.

Jose Mourinho, stjóri Chelsea, var þar með langfljótastur til að ná hundraðasta sigrinum í ensku úrvalsdeildinni en þetta var aðeins 142. leikur hans sem stjóri í deildinni. Mourinho var 20 leikjum á undan Sir Alex Ferguson og 37 leikjum á undan Arsene Wenger. Öll úrslit helgarinnar eru inn á visir.is - óój

Kolbeinn hetjan

FÓTBOLTI Kolbeinn Sigþórsson svaraði gagnrýnisröddunum í Hollandi í gær með því að tryggja Ajax 1-0 sigur á PSV Eindhoven í stórleik hollensku úrvalsdeildarinnar. Kolbeinn skoraði með laglegum skutluskalla eftir fyrirgjöf frá Lasse Schöne. Markið kom Ajax á toppinn.

Aron Jóhannsson skoraði fyrir AZ í 3-0 sigri á NAC og Alfreð Finnbogason skoraði fyrir Heerenveen í 2-2 jafntefli á móti Roda. Í Belgíu skoraði Ólafur Ingi Skúlason skoraði sigurmark Zulte-Waregem í 1-0 sigri á FH-bönnum í Genk. - óój

Skringileg vinna að vera fyrir

Ísland spilar sinn annan leik í milliriðli EM í dag. Makedónar bíða en þeir spila hægan og leiðinlegan handbolta að margra mati. Strákarnir okkar ætla að reyna keyra yfir þá og Björgvin Páll stefnir á annan stórleik.

Henry Birgir Gunnarsson
henry@frettabladid.is
Daníel Rúnarsson
danielr@365.is
Frá EM í Álaborg

HANDBOLTI Björgvin Páll Gústavsson hefur farið mikinn í síðustu tveimur leikjum Íslands á EM og hann þarf að halda uppteknum hætti gegn Makedóníu í dag.

„Við erum aðeins byrjaðir að stúdera þá og munum halda því áfram í dag," sagði Björgvin Páll eftir æfingu Íslands í gær en hún var tekin í hádeginu. Það var afslappað andrúmsloft á æfingunni og allir léttir og kátir.

Parf að lesa Lazarov

Besti leikmaður Makedóna er örvhenta stórskyttan Kiril Lazarov sem leikur með Barcelona. Björgvin þarf að lesa hann og koma í veg fyrir að hann skjóti íslenska liðið í kaf.

„Makedónar eru með klóka leikmenn. Þeir spila leiðinlegan handbolta en eru með frábæra leikmenn eins og Lazarov. Það þarf að halda fókus og mjög mikilvægt að hefja leikinn vel gegn þeim. Svona lið á það til að gefast upp og því er mikilvægt að sýna styrk okkar og íslenska hjartað strax í byrjun. Því lengur sem þeir hanga inni í leiknum, þeim mun erfiðara verður þetta fyrir okkur."

Fólki finnst oft skrítið að það séu til menn sem vilja fá boltann í sig á yfir hundrað kílómetra hraða. Það er einmitt fátt sem gleður Björgvin eins mikið.

„Það er skringileg atvinna að vera fyrir. Ég fæ borgað ágætlega fyrir það og fæ að vera í landsliðinu. Ég er því í fínni vinnu," sagði Björgvin brosmildur.

Mega ekki fá blóð á tennurnar

Þó að Makedóníumenn hafi verið þungir og arfaslakir í tapi gegn Ungverjum í fyrsta leik milliriðilsins, þá tekur Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari liðið mjög alvarlega en liðin mætast klukkan þrjú að íslenskum tíma.

„Við vitum að þeir eru stórhættulegir. Við spiluðum erfiðan leik gegn þeim á HM í fyrra. Þetta verður annað stríð. Þeir virkuðu vissulega þreyttir gegn Ungverjum. Byrjuðu af krafti og svo dró af þeim. Það er því mikilvægt að við byrjum af krafti og gefum þeim ekki blóð á tennurnar. Þá verða þeir stórhættulegir," segir Aron, en hvað með hinn hæga leik makedónska liðsins?

„Ef þeir fá að spila langar sóknir þá eru þeir líka hættulegir. Við þurfum að fá upp hraða í leikinn. Keyra í bakið á þeim og láta þá hlaupa. Vörnin sem þeir hafa verið að spila hentar okkur líka mjög vel."

Einn besti leikmaður heims

Aron segir að það þurfi að hafa góðar gætur á fleirum en Kiril Lazarov í liði Makedóna.

„Hann er einn besti leikmaður heims. Línumennirnir eru sterkir. Miðjumaðurinn er góður einn á móti einum og markvörðurinn mjög góður. Þetta verður hörkuleikur."

TVÆR FRÁBÆRAR FRAMMISSTÖÐUR Í RÖÐ Björgvin Páll Gústavsson hefur varið 19 skot í síðustu tveimur leikjum Íslands á EM í Danmörku og hefur því haft fullt af ástæðum til að fagna eins og hann gerir á myndinni hér fyrir ofan. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

BJÖRGVIN Á EM 2014

MARKVARSLAN EFTIR LEIKJUM

Noregur	38 prósent (15 varin)
Ungverjaland	0 prósent (0 varin)
Spánn	37 prósent (19/2 varin)
Austurríki	42 prósent (19/1 varin)
Samtals	**37 prósent (53/3 varin)**

SÁTT Aníta Hinriksdóttir kom sá og sigraði í Laugardalnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þetta var góð byrjun á árinu

Aníta Hinriksdóttir setti Evrópumet unglinga í 800 metra hlaupi á RIG í gær.

FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR Aníta Hinriksdóttir vann örugglega 800 metra hlaup kvenna í frjálsíþróttakeppni Reykjavíkurleikanna í gær.

Aníta var vel studd af áhorfendum í Laugardalshöllinni og hún vann ekki aðeins öruggan sigur því hún setti í leiðinni nýtt Íslandsmet fullorðinna og nýtt Evrópumet unglinga. Aníta náði forskotinu strax á upphafsmetrunum og leit aldrei um öxl eftir það.

„Ég er mjög ánægð með þetta, ég náði að hlaupa á jöfnum hraða allan tímann og náði tímanum sem ég ætlaði mér," sagði Aníta eftir hlaupið. „Ég hef þá tilhneigingu að byrja hratt en ég náði að hlaupa jafnt í dag og fyrir vikið átti ég meira inni undir lokin. Markmiðið var að bæta Íslandsmetið í dag og ég náði því markmiði. Ég tók rólegar æfingar í vikunni til að vera fersk í dag eftir mikið álag undanfarið. Þetta er góð byrjun á árinu, að fá jafn sterka samkeppni og þetta og að vinna síðan á heimavelli var auðvitað æðislegt," sagði Aníta.

„Þetta fór fram úr mínum björtustu vonum, við vissum fyrir mótið að hún væri tilbúin í þetta en þetta var stórkostlegt. Ég vissi að ef hún væri á 1:30 eftir 600 metra myndi hún ná að slá metið hérna í dag. Ég gæti ekki verið stoltari," sagði Gunnar Páll Jóakimsson, þjálfari Anítu.

„Við stilltum þessu upp á æfingum í vikunni þannig að hún væri tilbúin í dag. Það er langt keppnistímabil framundan og framundan er bæði HM innanhúss og Norðurlandamót á næstunni og því taka núna við stífar æfingar til að undirbúa það," sagði Gunnar. -kpt

→ Íslandsmet Anítu í 800 m hlaupi inni

Aníta Hinriksdóttir setti í gær sitt fjórða Íslandsmet í 800 metra hlaupi innanhúss og hefur nú bætt metið samtals um rétt tæpar átta sekúndur á undanförnum tveimur árum.

21. JANÚAR 2012 — 2:05,96 MÍNÚTUR
Bætti 35 ára met Lilju Guðmundsdóttur (frá 26. febrúar 1977) um tæpar 4 sekúndur.

19. JANÚAR 2013 — 2:04,79 MÍN.
Bætti met sitt um rúma sekúndu.

2. FEBRÚAR 2013 — 2:03,27 MÍN.
Bætti met sitt um eina og hálfa sekúndu.

19. JANÚAR 2014 — 2:01,81 MÍN.
Bætti met sitt um eina og hálfa sekúndu. Metið er einnig Evrópumet í flokki 19 ára og yngri.

VIÐ PRENTUM umbúðir

Umbúðir • Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklinga • Fjölpóst
Kynningarefni • Dagblöð • Stafrænt • Allskonar!

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Suðurhraun 1 | Garðabær | Sími: 59 50 300 | **www.isafold.is**

DAGSKRÁ

Stöð 2 kl. 19.20
Eitthvað annað
Lóa Pind Aldísardóttir fjallar um fólkið á bak við íslensk sprotafyrirtæki, fólk sem þorir að stíga út úr þægindaramma launþegans og láta drauminn um að gera eitthvað annað rætast.

Í KVÖLD

New York - Brooklyn
STÖÐ 2 SPORT KL. 19.30 Bein útsending frá leik New York Knicks og Brooklyn Nets í NBA.

Grey's Anatomy
STÖÐ 2 GULL KL. 20.00 Níunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.

EM í handbolta
SJÓNVARPIÐ KL. 14.50 Bein útsending frá leik Íslands og Makedóníu.

X-ið 977 kl. 07.00
Harmageddon
Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga klukkan 7.00 til 10.00. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag. Harmageddon er eins alvarlegur og hann er fyndinn

JANÚAR / SÍA

New York Knicks Brooklyn Nets
Í kvöld kl. 19:30
Stöð 2 Sport býður til sannkallaðrar körfuboltaveislu í kvöld þegar New York Knicks fá nágranna sína í Brooklyn Nets í heimsókn. Carmelo Anthony og félagar í Knicks þurfa að taka á öllu sem þeir eiga til að stöðva firnasterkt lið Brooklyn Nets.

Ekki missa af þessum risaslag.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

LÓA PIND ALDÍSARDÓTTIR – STÓRU MÁLIN

STÖÐ 2
06.05 Fréttir
07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.10 Malcolm In the Middle
08.35 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.20 Miami Medical
11.00 Glory Daze
11.45 Galapagos
12.35 Nágrannar
13.00 The X-Factor
13.45 Wipeout USA
14.35 Secrets of the Lost Symbol
15.20 ET Weekend
16.30 Ellen
17.10 Bold and the Beautiful
17.32 Nágrannar
17.57 Simpson-fjölskyldan
18.23 Veður
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Eitthvað annað *(5:8)*
19.45 Mom *(10:22)*
20.10 Nashville *(3:20)* Önnur þáttaröð þessara frábæru þátta þar sem tónlistin spilar stórt hlutverk og fjallar um kántrísöngkonuna Rayna og ungstirnið Juliette Barnes.
20.55 Hostages *(15:15)*
21.40 True Detective *(2:8)* Spennandi þættir með Matthew McConaughey og Woody Harrelson í aðalhlutverkum. Lögreglumennirnir Rustin Cohle og Martin Hart rannsaka hrottalegt morð á ungri konu í Louisiana árið 1995.
22.40 American Horror Story *(2:13)*
23.25 The Big Bang Theory
23.50 The Mentalist
00.30 Girls
01.25 Bones
02.10 Orange is the New Black
03.00 Sons of Tucson
03.20 Hellcats
04.05 Bright Star
06.00 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*
07.00 Levante - Barcelona
11.40 Denver Broncos - New England Patriots
13.40 Seattle Seahawks - San Francisco 49ers
15.40 Betis - Real Madrid
17.20 Levante - Barcelona
19.00 Spænsku mörkin 2013/14
19.30 New York - Brooklyn Bein útsending
22.30 NBA - Dr. J - The Doctor Heimildarmynd um NBA leikmanninn Julius Erving.
23.40 New York - Brooklyn

SPORT 2 *enski boltinn*
07.00 Chelsea - Man. Utd.
13.10 Sunderland - Southampton
14.50 Man. City - Cardiff
16.30 Crystal Palace - Stoke
18.10 Liverpool - Aston Villa
19.50 WBA - Everton Bein útsending
22.00 Messan
23.20 Football League Show

INN
20.00 Frumkvöðlar **20.30** Eldhús Meistaranna **21.00** Vafrað um Vesturland **21.30** Stormað um Hafnarfjörð

STÖÐ 3
17.10 Extreme Makeover. Home Edition
17.55 Hart of Dixie
18.40 The New Normal
19.00 The Amazing Race
19.45 Offspring *(6:13)*
20.30 The Glades *(5:13)*
21.15 The Vampire Diaries *(20:22)*
21.55 Men of a Certain Age *(7:10)*
22.40 Pretty Little Liars *(19:24)*
23.25 Nikita
00.05 Justified
00.45 The Amazing Race
01.30 Offspring
02.15 The Glades
03.00 The Vampire Diaries
03.40 Men of a Certain Age
04.25 Tónlistarmyndbönd

Krakkastöðin
07.00 Ævintýri Tinna **07.22** Brunabílarnir **07.43** Latibær **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Skógardýrið Húgó **08.23** Elías **08.34** Ævintýraferðin **08.47** UKI **08.52** Tommi og Jenni **09.00** Dóra könnuður **09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.46** Doddi litli og Eyrnastór **10.00** Áfram Diego, áfram! **10.24** Svampur Sveins **10.46** Hvellur keppnisbíll **10.56** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Ævintýri Tinna **11.22** Brunabílarnir **11.43** Latibær **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Skógardýrið Húgó **12.23** Elías **12.34** Ævintýraferðin **12.47** UKI **12.52** Tommi og Jenni **13.00** Dóra könnuður **13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.46** Doddi litli og Eyrnastór **14.00** Áfram Diego, áfram! **14.24** Svampur Sveins **14.46** Hvellur keppnisbíll **14.56** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Ævintýri Tinna **15.22** Brunabílarnir **15.43** Latibær **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Skógardýrið Húgó **16.23** Elías **16.34** Ævintýraferðin **16.47** UKI **16.52** Tommi og Jenni **17.00** Dóra könnuður **17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.46** Doddi litli og Eyrnastór **18.00** Áfram Diego, áfram! **18.24** Svampur Sveins **18.46** Hvellur keppnisbíll **18.56** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Elías og Fjársjóðsleitin **20.15** Sögur fyrir svefninn

GULL
18.00 Strákarnir
18.25 Friends
18.45 Seinfeld
19.10 Modern Family
19.35 Two and a Half Men
20.00 Grey's Anatomy *(6:24)*
20.45 Sjálfstætt fólk línunni.
21.15 Eldsnöggt með Jóa Fel *(9:12)*
21.45 Ally McBeal *(13:23)* Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma.
22.30 Without a Trace
23.10 Mannshvörf á Íslandi
23.50 Heimsendir
00.25 Nikolaj og Julie
01.05 Anna Pihl
01.45 Sjálfstætt fólk
02.15 Eldsnöggt með Jóa Fel
02.45 Ally McBeal
03.30 Without a Trace
04.15 Tónlistarmyndbönd

BÍÓ
11.00 The Campaign
12.25 Joyful Noise
14.20 Spanglish
16.30 The Campaign
17.55 Joyful Noise
19.50 Spanglish
22.00 Friends With Benefits
23.50 Contagion
01.35 Source Code
03.10 Friends With Benefits

RÚV
14.30 EM stofa
14.50 EM í handbolta - Ísland - Makedónía
16.30 EM stofa
16.55 Fisk í dag
17.05 Hrúturinn Hreinn
17.10 Sveitasæla
17.20 Froskur og vinir hans
17.27 Grettir
17.39 Engilbert ræður
17.46 Skoltur skipstjóri
18.00 Táknmálsfréttir
18.10 Prekmótaröðin 2013
18.35 Landinn
19.00 Fréttir
19.25 Veðurfréttir
19.30 Íþróttir
19.40 Kastljós
20.00 Fisk í dag Landsátakið „Fiskídag", sem hefur það að markmiði að auka fiskneyslu Íslendinga, sýnir þætti þar sem Sveinn Kjartansson matreiðslumeistari kennir unglingum hvernig matreiða á fljótlega og auðvelda fiskréti.
20.10 EM stofa
20.20 EM í handbolta - Danmörk-Ungverjaland
20.55 EM-stofa Í þættinum fer Björn Bragi Arnarsson ásamt góðum gestum yfir leiki dagsins og stöðuna á Evrópumeistarmótinu í handknattleik 2014.
21.10 Dicte *(8:10)*
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Viðtalið *(Magnús Porkell Bernharðsson)* Bogi Ágústsson, Egill Helgason, Eva María Jónsdóttir og Þóra Arnórsdóttir skiptast á um að hafa umsjón með þættinum og ræða við áhugavert fólk.
22.45 Saga kvikmyndanna – Ný landamæri
23.50 Kastljós
00.10 Fréttir
00.25 Dagskrárlok

SKJÁREINN
06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Cheers
08.25 Dr. Phil
09.10 Pepsi MAX tónlist
16.45 Judging Amy
17.30 Dr. Phil
18.15 Top Gear
19.05 Cheers
19.30 Happy Endings *(20:22)*
19.55 Trophy Wife *(3:22)* Gamanþættir sem fjalla um partístelpuna Kate sem verður ástfangin og er lent milli steins og sleggju fyrrverandi eiginkvenna og dómharðra barna.
20.20 Top Chef *(7:15)* Vinsæl þáttaröð um keppni hæfileikaríks matreiðslufólks sem allt vill ná toppnum í matarheiminum. Keppendur halda matarboð þar sem einn þeirra lærir dýrmæta lexíu.
21.10 Hawaii Five-0 *(11:22)* Steve McGarrett og félagar handsama hættulega glæpamenn í skugga eldfjallanna á Hawaii í þessum vinsælu þáttum.
22.00 CSI *(3:22)*
22.50 CSI
23.35 Law & Order. Special Victims Unit
00.20 Hawaii Five-0
01.10 CSI. New York
02.00 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin
08.00 Inside The PGA Tour 2014 **12.00** European Tour 2014 **12.45** PGA Tour 2014 **15.45** Champions Tour 2014 **16.10** PGA Tour 2014 **20.10** Champions Tour 2014

ÚTVARP
FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 Kaninn
FM 102,2 Útv. Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

Make it matter

Hraðvirkari, nettari og léttari en áður

Stuðningi Windows XP verður hætt 18. apríl 2014. Nú er rétti tíminn til að skipta í nýja HP EliteBook 840 G1 fartölvu með Intel® Core™ i7 örgjörvanum.

Framúrskarandi hönnun, notendavæn og snjöll smáatriði

HP hefur tekist að skapa einstaka fartölvulínu fyrir fyrirtækjaumhverfi þar sem kröfuhörðustu notendur verða ekki fyrir vonbrigðum.

28% léttari og 40% þynnri.

15 klst. ending rafhlöðu og allt að 33 klst. með stærri rafhlöðu.*

UltraSlim tengikví fyrir skrifstofuna.*

Nýr valkostur, snertiskjár.*

*aukabúnaður

Auðvelt er að tengja EliteBook fartölvurnar við búnaðinn á skrifstofunni með UltraSlim tengikví.

Fáðu ráðgjöf sérfræðinga Opinna kerfa við val á lausnum sem henta þínum þörfum og umhverfi.

Kynntu þér EliteBook nánar á www.ok.is

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is.
Intel, merki Intel, Intel inside, Intel Core og Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum, Microsoft og Windows eru skráð vörumerki Microsoft Corporation.

OPIN KERFI
Sérfræðingar þér við hlið

Preferred Partner

MÁNUDAGSLAGIÐ

„Happy með Pharrell Williams af því að ég er svo rosalega hamingjusöm þessa dagana.“

Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, söng- og leikkona

Verslingar eru með allt á hreinu

Nemendur setja upp söngleik, byggðan á Stuðmannamyndinni, í Austurbæ.

„Það er sennilega hin mikla þjóðerniskennd sem hvatti okkur til að kýla á þetta snilldarverk. Þetta hefur líka ekki verið sett upp með svona miklu umfangi,“ segir Arnar Ingason, einn meðlima í Nemendamótsnefnd Verzlunarskóla Íslands en skólinn setur upp söngleikinn Með allt á hreinu eftir samnefndri kvikmynd.

„Það er ekki svo erfitt að útfæra þetta í söngleik. Bjartmar Þórðarson leikstjóri og Elva Rut Guðlaugsdóttir danshöfundur gera þetta með mikilli prýði,“ segir Arnar.

Verslingarnir halda öllum gömlu góðu frösunum og passa upp á að búningarnir séu eins og þeir eiga að vera. „Við erum með þessi einkennandi tvískiptu jakkaföt hans Stinna. Stuðmenn eru allir í hljómsveitarbúningum og Gærurnar í gærum. Það koma um 150 manns að sýningunni.“

Hvernig taka Stuðmenn sjálfir í uppsetninguna? „Þeir leyfðu okkur þetta alveg, svo framarlega sem við gengjum frá öllum lagalegum hliðum málsins við þá. Ágúst Guðmundsson, leikstjóri myndarinnar, var einnig ánægður með þetta,“ útskýrir Arnar. Í uppsetningunni sjást nokkrir nýir karakterar. „Nýju karakterarnir eru minni hlutverk eins og til dæmis rótari Gæranna, Siggi skífa og Hófí skífa.“

- glp

ENDURSKAPA KLASSÍKINA Kvikmyndin Með allt á hreinu er klassík.

Sarah Linden í peysu eftir Röggu Eiríks

Ragnheiður Eiríksdóttir varð undrandi þegar hún horfði á lokaþátt The Killing og sá að aðalleikkonan, Mireille Enos, klæddist peysu sem er hennar hönnun.

„Ég sat heima og var að horfa á tvöfaldan lokaþátt The Killing í seríu þrjú – allt í einu sé ég aðalleikkonu þáttanna, Mireille Enos, í peysu eftir mig!“ segir Ragnheiður Eiríksdóttir, prjónahönnuður og hjúkrunarfræðingur, en hún hefur á undanförnum árum kennt prjón víða um heim og hannað prjónaflíkur.

„Peysan var örlítið breytt, en uppskriftin heitir Maren, eftir systur minni,“ heldur Ragnheiður áfram, létt í bragði.

„Þannig er mál með vexti að ég kenndi netnámskeið á heimasíðunni Craftsy, sem rúmlega fjögur þúsund manns eru nú þátttakendur í, og uppskriftin sem ég fer í gegnum á námskeiðinu er einmitt Maren. Eins og ég segi þá var peysunni örlítið breytt, en þannig vil ég hafa nemendur mína – skapandi prjónara,“ segir Ragnheiður jafnframt, sem veit ekki enn þá hver prjónaði peysuna eftir hennar uppskrift á leikkonuna.

„Ég finn út úr því á endanum. Það er ótrúlega skemmtilegt fyrir prjónahönnuð að sjá verk sín á fólki, ég tala nú ekki um í þessu samhengi,“ segir Ragnheiður, sem viðurkennir að hún hafi orðið undrandi þegar hún sá Enos í peysunni.

Bandaríska sjónvarpsserían The Killing er byggð á dönsku þáttaröðinni Forbrydelsen og fjallar um rannsóknarlögreglukonuna Söruh Linden sem í bandarísku útgáfunni er leikin af Mireille Enos.

Í upprunalegu útgáfunni klæddist aðalleikkonan, Sofie Gråbøl, peysum eftir færeyska hönnunarteymið Guðrún & Guðrún en í bandarísku endurgerðinni eru notaðar ýmiss konar prjónapeysur, þar á meðal Maren.

Fyrsta þáttaröðin var frumsýnd í apríl árið 2011 vestan hafs og var tilnefnd til fjölda Emmy-verðlauna og Critics‘ Choice-verðlauna. Þá hafa áhorfstölur ekki látið á sér standa og hefur um ein og hálf milljón manna í Bandaríkjunum horft á hvern þátt í þriðju þáttaröðinni.

olof@frettabladid.is

> Það er ótrúlega skemmtilegt fyrir prjónahönnuð að sjá verk sín á fólki, ég tala nú ekki um í þessu samhengi.
>
> *Ragnheiður Eiríksdóttir*

HISSA Ragnheiður vissi ekki að peysan yrði í þáttunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Setja upp Hamskiptin í skítkulda

Leikhópurinn Vesturport ferðaðist til Toronto í gær og frumsýnir þar 2. febrúar.

„Við verðum í Toronto til 10. mars með íslensku leikarana Unni Ösp Stefánsdóttur, Björn Thors, Víking Kristjánsson og Eddu Arnljótsdóttur. Breski leikarinn Tom Mannion verður einnig með í för,“ segir Dýri Jónsson, framkvæmdastjóri leikhópsins Vesturports. Leikhópurinn fór til Toronto í Kanada í gær til að setja upp leikritið Hamskiptin. Leikhópurinn hefur sett Hampskiptin upp víðs vegar um heiminn, þar á meðal í Hong Kong, Tasmaníu, Ástralíu, Bretlandi, New York og Rússlandi. „Við erum að sýna Hamskiptin á sama tíma í München en þar standa einnig yfir sýningar á Ofviðrinu. Svo bíður ein leikmynd Hamskiptanna í Ósló eftir næsta áfangastað sem ég get ekki gefið upp hver er sem stendur. Við höfum sem sagt þurft að þrefalda leikmyndina til að anna eftirspurn. Það er lúxusvandamál,“ segir Dýri. Í Toronto verður leikritið sýnt í The Royal Alexandra-leikhúsinu.

„Þetta leikhús er í raun það þriðja í efsta klassanum á eftir Broadway og West End. Það er mjög gaman og spennandi að fara til Toronto en auðvitað skítkuldi,“ bætir Dýri við.

- lkg

VINSÆL SÝNING Hamskiptin hafa farið sigurför um heiminn.

10% afsláttur

ÍM kjúklingabringur
2198 kr./kg
~~2469 kr./kg~~

14% afsláttur

Fölskyldu-þorrabakki
2998 kr./bakkinn
~~3498 kr./bakkinn~~

15% afsláttur

Ferskir í fiski

Ýsuflök, roð- og beinlaus
1698 kr./kg
~~1879 kr./kg~~

Súr langreyður úr kjötborði
2298 kr./kg
~~2698 kr./kg~~

17% afsláttur

Gildir frá 20. – 23. janúar

Góð tilboð!

10% afsláttur

KEA skyrdrykkur, jarðarb./banana, 250 g
149 kr./stk.
~~169 kr./stk.~~

13% afsláttur

Perur
389 kr./kg
~~448 kr./kg~~

12% afsláttur

Rauð paprika
479 kr./kg
~~547 kr./kg~~

14% afsláttur

Þykkvabæjar kartöflumús, 600 g
549 kr./pk.
~~639 kr./pk.~~

15% afsláttur

13% afsláttur

Hatting pítubrauð, fín, 6 stk.
329 kr./pk.
~~379 kr./pk.~~

12% afsláttur

Gæðabakstur heilkorna-brauð
349 kr./pk.
~~398 kr./pk.~~

Myllu Fitty rúgbrauð, 7 sneiðar
225 kr./pk.
~~248 kr./pk.~~

Kellogg's morgunkorn, 3 tegundir
508 kr./pk.
~~598 kr./pk.~~

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. EXPO · www.expo.is

Opið til miðnættis alla daga 8-24

NÓATÚN

Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Vinnur með frægu tríói

Söngkonan Emilíana Torrini frumsýndi myndband við lagið Tookah um helgina. Myndbandinu var leikstýrt af listamannatríóinu Shynola en það skipa Richard Kenworthy, Chris Harding og Jason Groves. Tríóið hefur unnið með mörgum af stærstu nöfnunum í tónlistarbransanum og ber þar helst að nefna Radiohead, Queens of the Stone Age, Blur, Beck og Coldplay. Shynola segir í viðtali við NOWNESS að það hafi verið gaman að vinna með Emilíönu við gerð myndbandsins. „Söngvarar eru oft með glit í auga sem er erfitt að skilgreina og Emilíana er tvímælalaust með þetta glit.“

- lkg

Útlenskur drengur á fjalirnar

Rithöfundurinn og teiknarinn Þórarinn Leifsson sagði stoltur frá því á Facebook-síðu sinni í gær að styrkir hafi borist til að setja upp leikrit hans, Útlenski drengurinn. Leikritið gamansama var lesið upp í Tjarnarbíói síðastliðið vor af liði leikara á borð við Þorstein Bachman og Dóra DNA. Það fjallar um ósköp venjulegan íslenskan dreng sem missir fyrir misskilning ríkisfang sitt og þarf að bíða örlaga sinna á skólabókasafninu. Samkvæmt heimasíðu Þórarins verður verkið sviðsett næsta haust.

- bá

Mest lesið vísir

1. „Ég biðst að sjálfsögðu afsökunar á þessu”
2. Líkti landsliðinu við nasista
3. RÚV harmar ummæli Björns Braga
4. Angel Care veldur dauðsföllum: Svona tryggir þú öryggi barnsins þíns
5. Fannst látinn í sjónum við Kjalarnes

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

ÚTSALA REKKJUNNAR

30 TIL 60% AFSLÁTTUR!

ÓTRÚLEG VERÐ!

STOCKHOLM
Queen Size rúm (153x203 cm)
FULLT VERÐ 163.600 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 81.800 kr.

50% AFSLÁTTUR!

SÆNGURFÖT 40% AFSLÁTTUR!

DAKOTA
King Size rúm (193x203 cm)
FULLT VERÐ 234.200 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 117.100 kr.

50% AFSLÁTTUR!

DÚNSÆNGUR 30% AFSLÁTTUR!

ARGHH!! 060114 #2

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16